
Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

HÓLABREKKUSKÓLI
virðing - gleði - umhyggja

STARRI
Hóló



Starfsáætlun
Hólabrekkuskóla

2026-2027

Efnisyfirlit

1. Inngangur 4
2. Stjórnskipulag skólans 6
2.1 Skipurit skólans 6
2.2 Stjórnendateymi 6
2.3 Stefna skólans og framtíðarsýn 7
2.4 Gildi skólans 8
2.5 Skólastefnan: Uppbyggingarstefnan / Uppeldi til ábyrgðar 8
2.6 Eineltisstefna skólans 8
2.7 Lestur til árangurs 9
2.8 Vinaliðaverkefnið 10
2.9 Grænu skrefin 10
2.10 Heilbrigði og forvarnir 10
2.11 Réttindaskóli UNICEF og Barnasáttmálinn 11
2.12 Skólaráð 11
2.13 Kynning og starfsreglur skólaráðs 11
2.14 Verkefnaskrá 12
2.15 Skólaráð skólaárið 2026 – 2027 12
3. Mannauður 13
3.1 Mannauðsstefna 16
3.2 Mannauðsstefna skólans 16
3.3 Fagmennska kennara 16
3.4 Ábyrgð og skyldur starfsmanna 17
3.5 Verksvið starfsmanna 17
3.6 Trúnaðarmenn/öryggisnefnd 18
3.7 Starfsþróun 18
3.8 Skipulag starfsþróunar 19
4. Skipulag skólaársins 20
4.1 Skóladagatal 2026 – 2027 20
4.2 Skóladagar 21
4.3 Vettvangsferðir 23
4.4 Nemenda- og foreldrasamtöl 23
5. Skipulag kennslu 24
5.1. Stundaskrár 24
5.2 Skipulag 24
5.3 Móttökuáætlun 26
5.3 Tungumálastefna 27
6. Nám og kennsla 28
6.1 Kennsluaðferðir 28
6.2 Námsumhverfi 29
6.3 Stafræn tækni 30
6.4 Náms- og kennsluáætlanir 30
6.5 Umsjónarkennarar 2026 - 2027 32

6.6 Lykilhæfni 32
6.7 Stefna skólans í heimanámi 34
7. Menntastefna Reykjavíkur 34
7.1 Áherslur skólans á þætti menntastefnu Reykjavíkur 35
7.2 Þróunarverkefni skólans tengd menntastefnu Reykjavíkur 35
8. Mat á skólastarfi 36
8.1 Áætlun um innra mat fyrir skólaárið 37
8.2 Ytra mat á skólum 39
8.3 Umbótaáætlun skólans 40
9. Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf 40
9.1 Stefna skóla í foreldrasamstarfi 40
9.2 Foreldrafélag 43
9.3 Kynning, lög og starfsreglur 44
9.4 Verkefnaskrá 45
9.5 Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf 45
10. Nemendafélag skóla 47
11. Skólareglur og skólabragur 49
11.1 Uppeldi til ábyrgðar 49
11.2 Skólareglur 49
11.3 Viðurlög við brotum á skólareglum 50
11.4 Skólabragur 52
12. Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið 53
13. Heildstæð skólastefna – heildræn nálgun 61
13.1 Einstaklingsnámskrá / Einstaklingsáætlun 63
13.2 Náms- og starfsráðgjöf 63
13.3 Atvinnutengt nám 63
13.4 Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna 64
13.5 Nemendaverndarráð / Lausnateymi 64
13.6 Heilsuvernd skólabarna 66
13.7 Sérfræðiþjónusta 68
13.8 Miðja máls og læsis / mml 70
13.9 Brúarsmiðir 70
14. Samstarf við grenndarsamfélagið 71
15. Ýmsar áætlanir og reglur 78
15.1 Útgefið efni skóla- og frístundasvið 78
15.2 Heildaráætlun skólans 78
15.3 Samskipti foreldra 79
15.4 Læsisstefna Hólabrekkuskóla – Lestur til árangurs 79
15.5 Vinaliðaverkefnið 79
15.6 Skólatengslaverkefnið 80
15.7 Uppeldi til ábyrgðar 81
15.8 Eineltisáætlun 82
15.9 Starfsþróunaráætlun 83

15.10 Tungumálastefna 83
15.11 Viðbragðsáætlun við rýmingu 83
15.12 Viðbragðsáætlun Almannavarna 83
15.13 Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi 83
15.14 Tilfærsluáætlun 84
15.15 Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa 84
15.16 Þróunarverkefni 84
15.17 Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri 84
15.18 Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál 85
15.19 Fjölmenningarstefna skóla- og frístundasviðs 85
15.20 Sjálfsmatsáætlun 85
15.21 Jafnréttisáætlun 85
15.22 Heilbrigðis – og forvarnarstefna Hólabrekkuskóla 85
15.23 Áfallaáætlun 86
15.24 Öryggisáætlun 86
15.25 Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum 86
15.26 Inni áætlun nemenda vegna veðurs 86
15.27 Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar 87
15.28 Mannauðsstefna skólans 87
15.29 Velkomin í Hólabrekkuskóla 87

1. Inngangur

Í árlegri starfsáætlun Hólabrekkuskóla er gerð grein fyrir stefnu skólans, skóladagatali, skólareglum, og öðru því sem varðar starfsemi skólans *Sbr. Aðalnámskrá grunnskóla.* . Starfsáætlun er lögð árlega fyrir skólaráð til samþykktar. Við gerð starfsáætlunar Hólabrekkuskóla er horft til gæða og fagmennsku auk áhersluþátta sem *Menntastefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 byggir á:*

Félagsfærni – Sjálfsefling – Læsi – Sköpun – Heilbrigði







Starfsfólk Hólabrekkuskóla vinnur markvisst að framtíðarsýn Menntastefnu Reykjavíkurborgar*: „Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag“.*

https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-latum-draumana-raetast

Ágrip af sögu skólans

Hólabrekkuskóli tók til starfa haustið 1974. Gunnar Hansson arkitekt teiknaði þrjá fyrstu áfanga skólans og Gylfi Guðjónsson arkitekt teiknaði þann fjórða. Fyrsti áfangi skólans var tekinn í notkun 1974, annar áfangi 1979, þriðji áfangi 1985 og sá fjórði 2002. Nemendur sækja íþróttakennslu í íþróttahúsið við Austurberg og sundkennslu í Breiðholtslaug.

Haustið 2023 var ráðist í endurbætur á skólahúsnæði Hólabrekkuskóla og var þá hluti starfseminnar fluttur tímabundið í Korpuskóla í Grafarvogi. Á sama tíma voru settar niður færanlegar kennslustofur á skólalóðina sem teknar voru í notkun í desember 2025. Þá gátu nemendur sem verið höfðu í Korpuskóla snúið aftur í Hólabrekkuskóla og nemendur og starfsfólk því sameinað á ný. Endurbætt álma unglingadeildar var tekin í notkun haustið 2026, en á sama tíma ráðist í áframhaldandi úrbætur á skólahúsnæðinu.

Útilistaverkið, *Upphaf*, á vegg við anddyri skólans gerði Einar Hákonarson


myndlistarmaður en listaverkið í anddyri skólans er unnið af nemendum. Myndefnið var sótt í ljóðabálk Steins Steinarrs, Tíminn og vatnið og var það gert í tilefni þess að Reykjavíkurborg var ein af menningarborgum Evrópu árið 2000.

Skólastjórar við skólann; Sigurjón Fjeldsted frá 1974 – 2004, Hólmfríður G. Guðjónsdóttir skólastjóri frá 2004 til 31. desember 2021 og Lovísa Guðrún Ólafsdóttir skólastjóri frá 1. janúar 2022.

2. Stjórnskipulag skólans

Hólabrekkuskóli er heildstæður grunnskóli frá 1. til 10. bekk með um 510 nemendur og 80 starfsmenn. Skólanámskrá Hólabrekkuskóla tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla og Menntastefnu Reykjavíkurborgar, þ.e. skólastefnu og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar.

2.1 Skipurit skólans



2.2 Stjórnendateymi

- Skólastjóri er Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, netfang: lovisa.gudrun.olafsdottir@reykjavik.is
- Aðstoðarskólastjóri er Guðbjörg Oddsdóttir, netfang: gudbjorg.oddsdottir01@reykjavik.is
- Deildarstjóri yngsta stigs er Hjördís Þórðardóttir, netfang: hjordis.thordardottir@reykjavik.is
- Deildarstjóri miðstigs er Brynja Þórsdóttir, netfang: brynja.thorsdottir@reykjavik.is
- Deildarstjóri elsta stigs er Margrét Ingadóttir, netfang: margret.ingadottir@reykjavik.is

- Deildarstjóri verkefna er Heiða Berta Guðmundsdóttir, netfang: heida.berta.gudmundsdottir@reykjavik.is
- Deildarstjóri Læsis er Sólveig Edda Ingvarsdóttir, netfang: solveig.edda.ingvarsdottir@reykjavik.is

2.3 Stefna skólans og framtíðarsýn

Heildaráætlun Hólabrekkuskóla endurspeglar skólastefnu skólans og byggir á grunnþáttum menntastefnunnar *Látum draumana rætast* og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í Hólabrekkuskóla er litið á *Heildaráætlun um stuðning við fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir* sem heildaráætlun fyrir ALLA nemendur. Í allri vinnu innan skólans er ávallt haft að leiðarljósi að koma til móts við alla nemendur í skóla án aðgreiningar.

Í Hólabrekkuskóla er stuðst við árangursríkar aðferðir og leiðir þar sem horft er til gagnreyndra aðferða sem skila árangri í fjölbreyttum nemendahópi. Áhersla er lögð á kennsluaðferðir sem henta öllum nemendum á mismunandi námssvæðum, með það að markmiði að efla sjálfstraust og öryggi nemenda og um leið að auka vellíðan þeirra, árangur og áhuga. Ávallt er hugað að námsgögnum og námsumhverfi nemenda til að koma sem best til móts við þarfir þeirra.

Í Hólabrekkuskóla er megin áhersla lögð á mál og læsi þar sem yfirskriftin er Læsi til árangurs. Þar er byggt á heildstæðum samræmdum aðferðum sem allir kennarar nota. Aðferðirnar byggja á því að unnið er heildstætt með námshópa og aðferðir sem vitað er að skila árangri.

Nemendalýðræði er í hávegum haft í Hólabrekkuskóla. Nemendaþing skólans er haldið annað hvert ár, en þar fá nemendur tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið. Þar má sjá lýðræði í hnotskurn, sem eflir samfélagslega vitund og nær til allra nemenda.

Í Hólabrekkuskóla er lögð áhersla á samvinnu við fagaðila og samskipti við foreldra. Til að auka enn frekar gæði nemenda- og foreldrasamtala er stuðst við Námshringinn.



2.4 Gildi skólans

Gildi Hólabrekkuskóla eru virðing, gleði og umhyggja. Skólastefnan nefnist Uppbyggingarstefnan; Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ. Allir læra að þekkja eigin þarfir og hvernig er hægt að uppfylla þær í sátt og samlyndi. Mistök eru tækifæri til náms og áskoranir er hægt að leysa á uppbyggilegan hátt.

- Virðing - Við sýnum virðingu með jákvæðum samskiptum, umburðarlyndi og fordómaleysi. Við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur.
- Gleði - Við sýnum gleði með því að njóta þess að vera saman, samgleðjast og hrósa hvert öðru. Við komum fram við hvert annað af jákvæðni og samkennd.
- Umhyggja - Við sýnum umhyggju með því að vera tillitssöm, hjálpsöm og láta okkur aðra varða. Við komum fram við hvert annað af hlýju, nærgætni og kurteisi.

2.5 Skólastefnan: Uppbyggingarstefnan / Uppeldi til ábyrgðar

Uppbyggingarstefnan; Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ tekur til alls skólasamfélagsins með það yfirmarkmið að öllum líði vel í skólanum. Lögð er áhersla á að kenna sjálfsaga, sjálfsstjórn, uppbyggileg samskipti og góða félagsfærni. Uppbygging miðar að því að finna leiðir til lausna á ágreiningsmálum, skoða hvernig manneskjur við viljum vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Ef vel tekst til skapast aðstæður fyrir einstaklinginn til að leiðrétta og bæta fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur inn á rétta braut með aukið sjálfstraust og félagsfærni.

2.6 Eineltisstefna skólans

Eineltisstefna skólans leggur áherslu á að virkja skólasamfélagið í vinnu með jákvæð, uppbyggileg samskipti og öfluga félagsfærni, í samræmi við áhersluþætti skólastefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar*/UTÁ. Í eineltisáætlun skólans eru skýrir verkferlar. Ef grunur vaknar um að einelti eigi sér stað er málinu vísað strax til náms- og starfsráðgjafa sem gerir forathugun í samráði við umsjónarkennara sem í framhaldinu taka málið til skoðunar. Góð samvinna heimila og skóla er grundvallarþáttur í aðgerðaráætluninni. Í eineltisáætlun

skólans er unnið markvisst með fyrirbyggjandi aðferðir úr UTÁ og áhersla lögð á forvarnirnar í öllu skólasamfélaginu. Umsjón með eineltisteymi skólans hefur náms- og starfsráðgjafi. Sjá eineltisáætlun hér.

2.7 Lestur til árangurs

Í Hólabrekkuskóla er áhersla lögð á lestrarkennsluaðferðir sem vitað er að skila árangri, markvissa málörvun og sjónrænt og hvetjandi námsumhverfi. Megin áhersla er á Pals lestrarkennslu í 1. - 7. bekk og Starra (Starling) markvissa orðaforðakennslu í 3. - 9. bekk. Forsendur lestrarstefnunnar eru þær að allir nemendur geti lært og sýnt framfarir. Skimanir eru gerðar á málþroska og læsi í þágu snemmtækrar íhlutunar. Lesferill er lagður fyrir í öllum árgöngum reglulega yfir skólaárið.

Lestur til árangurs - lestrarstefna Hólabrekkuskóla
https://sites.google.com/gskolar.is/holabrekkuskoli-lestur/lestur-til-%C3%A1rangurs



Pals lestarkennsluaðferðin er notuð markvisst í 1. - 7. bekk. Aðferðin er gagnreynd sem þýðir að hún hefur verið sannprófuð og skilar árangri.

Starri (Starling) markviss orðaforðakennsla er kennd í 3. - 9. bekk. Skólaárið 2025 - 2026 hófst innleiðing Starra í skólanum í þrjá árganga og gekk sú innleiðing vonum framar. Skólinn var og er í markvissu samstarfi við höfunda aðferðarinnar Aaron Jordan og Dr. Emmu Vardy sem og sérfræðinga í Háskóla Íslands. Ákveðið var í haust að Hólabrekkuskóli leiði aðferðina hér á landi og sjái um námskeið og stuðning við þá skóla sem vilja innleiða aðferðina hjá sér.

2.8 Vinaliðaverkefnið

Vinaliðaverkefnið hófst 2013 og hefur það að markmiði að styrkja nemendur í að stuðla að góðu og traustu umhverfi í frímínútum í gegnum skipulagða leiki. Einnig er markmið verkefnisins að hvetja til aukinnar hreyfingar, jákvæðra samskipta og að allir nemendur skólans hlakki til að mæta í skólann. Vinaliðaverkefnið er forvarnarverkefni sem styður við áætlanir gegn einelti í skólanum. Vinaliðar Hólabrekkuskóla eru valdir úr hópi nemenda úr ákveðnum árgöngum.

2.9 Grænu skrefin



Hólabrekkuskóli er þátttakandi í grænum skrefum Reykjavíkurborgar. Skrefin efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar og minnka umhverfisáhrif. Skólinn er að ljúka við fyrsta skrefið sem leggur áherslu á flokkun og hefur komið upp fyrirmyndar flokkunarkerfi í öllum rýmum skólans. Markmið er að vera hluti af þeim skólum sem eru á grænni grein og flagga grænfánanum.

2.10 Heilbrigði og forvarnir

Einn grundvallarþáttur menntastefnunnar er heilbrigði. Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi. Einn veigamesti þáttur í heilbrigðis- og forvarnarvinnu skólans er samvinnan við heimilin.

Hólabrekkuskóli er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli á vegum Embættis landlæknis, tengist Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og Heilsueflandi Breiðholt. Sjá Heilbrigðis- og forvarnaráætlun Hólabrekkuskóla https://sites.google.com/gskolar.is/forvarnaraetlunholabrekkuskola

2.11 Réttindaskóli UNICEF og Barnasáttmálinn

Í apríl 2025 skrifaði skóla- og frístundasvið ásamt Hólabrekkuskóla, frístundaheimilunum Álfheimum og Hraunheimum og félagsmiðstöðinni 111 undir nýjan samning við UNICEF um að ljúka þeirri vegferð að verða Réttindaskóli og Réttindafrístund UNICEF. Stefnt er á innleiðingu ljúki á haustdögum og að skólinn öðlist viðurkenningu í nóvember 2026.



Í samstarfi við UNICEF á Íslandi ætlar Hólabrekkuskóli, frístundaheimilið Álfheimar og félagsmiðstöðin Hundrað og Ellefu að innleiða Barnasáttmálann í allt sitt starf.

2.12 Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólastjóri stýrir ráðinu og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráðið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði á skólatíma. Fulltrúi í skólaráði missir hæfi sitt til setu í ráðinu ef tengsl hans við skólann rofna.
Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald. Sjá hér *Handbók um skólaráð*.

Hvað er skólaráð?

What is a School Council?



Smellið/Click hér

2.13 Kynning og starfsreglur skólaráðs

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags

til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

2.14 Verkefnaskrá

Skólaráð setur sér vinnuáætlun og verkefnaskrá fyrir skólaárið, ákveður hve oft verður fundað, á hvað er lögð áhersla o.s.frv. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á vefsíðu skólans.
Skólaráð fjallar meðal annars um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

2.15 Skólaráð skólaárið 2026 – 2027

Skólastjóri: Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, netfang: lovisa.gudrun.olafsdottir@reykjavik.is

Staðgengill skólastjóra: Guðbjörg Oddsdóttir, aðstoðarskólastjóri, netfang: gudbjorg.oddsdottir01@reykjavik.is

Fulltrúar kennara:

Íris Bjarnadóttir, netfang: iris.bjarnadottir@reykjavik.is
Ragna Björg Einarsdóttir, netfang: ragna.bjorg.einarsdottir@reykjavik.is
Varamaður:Hanna J. Kristjánsdóttir, netfang:
hanna.julia.kristjansdottir@reykjavik.is

Fulltrúi annars starfsfólks:

Bjarki Rafn Guðmundsson, netfang: bjarki.rafn.gudmundsson@reykjavik.is
Varamaður: Sonja Sudzukovic, netfang: sonja.sudzukovic@reykjavik.is

Fulltrúar foreldra:

Ágúst Ingi Óskarsson, netfang: guztus@gmail.com
Daníel Örn A. Linduson, netfang: danieloarnars@gmail.com
Varamaður: Þórdís E. Rögnvaldsdóttir, netfang:
disa.rognvaldsdottir@gmail.com

Fulltrúar nemenda:

Lára Ágústa Þorsteinsdóttir, 9. bekk, netfang: lara.agusta.thorsteinsdottir@rvknemendur.is
Varamaður:Axel Kári Ævarsson, 9. bekk, netfang: axel.kari.aevarsson@rvknemendur.is
Sara Rósalind Guttormsdóttir, 6. bekk, netfang: sara.rosalind.guttormsdottir@rvknemendur.is
Varamaður: Axel Rafn Höjgaard Arnarsson, 6. bekk, netfang:

axel.rafn.hojgaard.arnarsson@rvknemendur.is



Fyrsti fundur skólaráðs 2026 - 2027

Fulltrúi grenndarsamfélags:

Jónína Kristín Þorvaldsdóttir, netfang: jonina.kristin.thorvaldsdottir@reykjavik.is
Varamaður: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, netfang: berglind.osk.gudmundsdottir@reykjavik.is

3. Mannauður

Nafn:	Starfsheiti:	Netfang:
Aðalheiður Lilja Hlynsdóttir	Umsjónarkennari	adalheidur.lilja.hlynsdottir@reykjavik.is
Akaena Argiz Casas	Skólaliði	akaena.argiz.casas@reykjavik.is
Amelia Jara Larimer	Stoðþjónusta	amelia.jara.larimer@reykjavik.is
Ana Cristina Leite	Skólaliði	ana.cristina.leite@reykjavik.is
Andi Morina	Stuðningsfulltrúi	andi.morina@reykjavik.is
Andrea Guðmundsdóttir	Umsjónarkennari	andrea.gudmundsdottir@reykjavik.is
Andrea Ósk Guðlaugsdóttir	Umsjónarkennari	andrea.osk.gudlaugsdottir@reykjavik.is
Anna Kristín Jörundsdóttir	Stoðþjónusta	anna.kristin.jorundsdottir@reykjavik.is
Anna María Hoffmann Guðgeirsdóttir	Umsjónarkennari	anna.m.hoffmann.gudgeirsdottir@reykjavik.is
Arna Margrét Ólafsdóttir	Umsjónarkennari	arna.margret.olafsdottir@reykjavik.is
Baldur Kristjánsson	Stuðningsfulltrúi	baldur.kristjansson@reykjavik.is
Baldur Örlygsson	Umsjónarmaður	baldur.orlygsson@reykjavik.is

Bergdís Sigurðardóttir	Íþróttakennari	bergdis.sigurdardottir@reykjavik.is
Berglind Ósk Óskarsdóttir	Skólaliði	berglind.osk.oskarsdottir@reykjavik.is
Birgir Óli Birgisson	Stuðningsfulltrúi	birgir.oli.birgisson@reykjavik.is
Bjarki Rafn Guðmundsson	Stuðningsfulltrúi	bjarki.rafn.gudmundsson@reykjavik.is
Bjarni Guðjónsson	List- og verkgreinakennari	bjarni.gudjonsson@reykjavik.is
Bragi Þorfinnsson	List- og verkgreinakennari	bragi.thorfinnsson@reykjavik.is
Brynja Þórsdóttir	Deildarstjóri miðstigs	brynja.thorsdottir@reykjavik.is
Daði Bærings Halldórsson	Umsjónarkennari	dadi.baerings.halldorsson@reykjavik.is
Dagbjört Drífa Thorlacius	List- og verkgreinakennsla	dagbjort.drifa.thorlacius@reykjavik.is
Diljá Sigursveinsdóttir	Tónlistarkennari	sigursveinsdottir@gmail.com
Elísabet Elma Guðrúnardóttir	List- og verkgreinakennsla	elisabet.elma.gudrunardottir@reykjavik.is
Elísabet María Guðmunds	Umsjónarkennari	elisabet.maria.gudmundsdottir@reykjavik.is
Emma Viktorsdóttir	Stoðþjónusta	emma.viktorsdottir@reykjavik.is
Erla Steinþórsdóttir	Umsjónarkennari	erla.steinthorsdottir@reykjavik.is
Ewa Zembrowska	Skólaliði	ewa.zembrowska@reykjavik.is
Guðbjörg Kristín Grönvold	Þroskaþjálfi	gudbjorg.kristin.gronvold@reykjavik.is
Guðbjörg Oddsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	gudbjorg.oddsdottir01@reykjavik.is
Guðrún Jónsdóttir	Forfallakennsla	gudrun.jonsdottir@reykjavik.is
Halldóra Tinna Viðarsdóttir	Umsjónarkennari	halldora.tinna.vidarsdottir@reykjavik.is
Hanna Júlía Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari	hanna.julia.kristjansdottir@reykjavik.is
Heiða Berta Guðmundsdóttir	Deildarstjóri	heida.berta.gudmundsdottir@reykjavik.is
Hjördís Þórðardóttir	Deildarstjóri yngsta stigs	hjordis.thordardottir@reykjavik.is
Hólmfríður Ósk Guðmundsd.	Umsjónarkennari	holmfridur.osk.gudmundsdottir@reykjavik.is
Hreinn Magnússon	Íþróttakennari	hreinn.magnusson@reykjavik.is
Hrönn Óskarsdóttir	Umsjónarkennari	hronn.oskarsdottir@reykjavik.is
Hulda Guðrún Hallsdóttir	Danskennari	hulda.gudrun.hallsdottir@reykjavik.is
Ingi Þór Óskarsson	Stoðþjónusta	ingi.thor.oskarsson@reykjavik.is
Ingrida Zilinskiene	Skólaliði	ingrida.Zilinskiene@reykjavik.is

Ivana Sneih Abou Farrag	Stuðningsfulltrúi	ivana.sneih.abou.farrag@reykjavik.is
Íris Bjarnadóttir	Umsjónarkennari	iris.bjarnadottir@reykjavik.is
Íris Hrund Hauksdóttir	Náms- og starfsráðgjafi	iris.hrund.hauksdottir@reykjavik.is
Jórunn Arna Þórsdóttir	Umsjónarkennari	jorunn.arna.thorsdottir@reykjavik.is
Katrín Elly Björnsdóttir	Umsjónarkennari	katrin.elly.bjornsdottir@reykjavik.is
Katrín Kristín Hallgrímsdóttir	Skólaritari	katrin.kristin.hallgrimsdottir@reykjavik.is
Kolbrún Arna Garðarsdóttir	Stoðþjónusta	kolbrun.arna.gardarsdottir@reykjavik.is
Kristín Auður Halldórsdóttir	Skólahjúkrun	holabrekkuskoli@heilsugaeslan.is
Kristjana Þrastardóttir	Náms- og starfsráðgjafi	kristjana.thrastardottir@reykjavik.is
Kristján Dúi Sæmundsson	Íþróttakennari	kristjan.dui.saemundsson@reykjavik.is
Kristján Patrekur Þorsteinsson	Umsjónarmaður stafrænnar tækni	kristjan.patrekur.thorsteinsson@reykjavik.is
Lára Ágústa Hjartardóttir	Umsjónarkennari	lara.agusta.hjartardottir@reykjavik.is
Leonora Morina	Skólaliði	leonora.morina@reykjavik.is
Lovísa Guðrún Ólafsdóttir	Skólastjóri	lovisa.gudrun.olafsdottir@reykjavik.is
Margrét Ingadóttir	Deildarstjóri elsta stigs	margret.ingadottir@reykjavik.is
Marta Wieczorek	Stoðþjónusta	marta.wieczorek@reykjavik.is
Mehmet Ari Veselaj	Stuðningsfulltrúi	mehmet.ari.veselaj@reykjavik.is
Mendim Elis Veselaj	Stuðningsfulltrúi	mendim.elis.veselaj@reykjavik.is
Mirjana Arsic	Skólaliði	mirjana.arsic@reykjavik.is
Navinda Kongchumchuen	Skólaliði	navinda,kongchumchuen@reykjavik.is
Óli Halldór Sigurjónsson	Sundkennari	oli.halldor.sigurjonsson@reykjavik.is
Ragna Björg Einarsdóttir	Umsjónarkennari	ragna.bjorg.einarsdottir@reykjavik.is
Sandra Erlingsdóttir	Danskennari	sandra.erlingsdottir@reykjavik.is
Sigrún Ámundadóttir	Umsjónarkennari	sigrun.amundadottir@reykjavik.is
Sigrún Braga Guðrúnard.	List- og verkgreinakennsla	sigrun.bragad.gudrunardottir@reykjavik.is
Sigrún María Jónsdóttir	Stoðþjónusta	sigrun.maria.jonsdottir@reykjavik.is
Sigurey Valdís Eiríksdóttir Hjartar	Stoðþjónusta	sigurey.valdis.eiriksd.hjartar@reykjavik.is
Snædís Vagnsdóttir	Umsjónarkennari	snaedis.vagnsdottir@reykjavik.is
Sonja Sudzukovic	Skólaliði	sonja.sudzukovic@reykjavik.is

Sólveig Edda Ingvarsdóttir	Deildarstjóri læsis	solveig.edda.ingvarsdottir@reykjavik.is
Stefanía Ósk Sigurjónsdóttir	Umsjónarkennari	stefania.osk.sigurjonsdottir@reykjavik.is
Tinna Heiðdís Sigurjónsdóttir	Umsjónarkennari	tinna.heiddis.sigurjonsdottir@reykjavik.is
Veiga Dís Hansdóttir	Umsjónarkennari	veiga.dis.hansdottir@reykjavik.is
Ylfa Karen Ólafsdóttir	Forfallakennari	ylfa.karen.olafsdottir@reykjavik.is
Þóra Mjöll Jensdóttir	Umsjónarkennari	thora.mjoll.jensdottir@reykjavik.is

3.1 Mannauðsstefna

Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar miðar að því að þróa borgina sem eftirsóknarverðan vinnustað til ársins 2035. Stefnan leggur áherslu á fjögur leiðarljós: samræmd ferli og stafrænar lausnir, gott starfsumhverfi, öflugt starfsfólk og sterka stjórnendur. Þessi leiðarljós stuðla að vellíðan og starfsánægju og tryggja að starfsfólk fái tækifæri til að blómstra í samvinnu við stjórnendur. Aðgerðaáætlun stefnunnar er endurskoðuð árlega til að tryggja samræmi við leiðarljósin og áherslu stefnunnar. https://reykjavik.is/mannaudsstefna

3.2 Mannauðsstefna skólans

Mannauðurinn er hverjum skóla dýrmæt eign og árangur skólastarfsins er undir faglegu og hæfileikaríku starfsfólki kominn. Allir skólastarfsmenn gegna mikilvægum hlutverkum og allir eru lykilstarfsmenn. Hólabrekkuskóli leggur ríka áherslu á að laða að sér hæft starfsfólk sem er faglegt, tilbúið að leggja sig fram og sýnir frumkvæði í starfi. Starfsmenn Hólabrekkuskóla starfa eftir grunngildunum virðing, gleði og umhyggja. Þessi gildi eru leiðarljós starfsmanna í samskiptum þeirra á milli, gagnvart nemendum, foreldrum og öllu skólasamfélaginu.

3.3 Fagmennska kennara

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og hlutverk þeirra er margþætt. Starf kennarans snýst ekki aðeins um kennslu heldur einnig stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist því fyrst og fremst á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Menntun, þekking, viðhorf og siðferði kennara leggur

grunninn að fagmennsku þeirra. Fagmennska kennara snýr að nemendum, menntun þeirra, líðan og velferð ásamt því að vinna í samstarfi við aðra kennara og starfsmenn af fagmennsku. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að mennta og miðla þekkingu heldur einnig að gefa nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar á eigin spýtur, efla frjóa og skapandi hugsun og skapa jákvætt viðhorf til náms og þekkingarleitar. Kennarar leitast einnig við að skapa góðan og jákvæðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi. *„Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki“.* *Sbr. Lög um grunnskóla og* Siðareglur kennara

3.4 Ábyrgð og skyldur starfsmanna

Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um ábyrgð og skyldur starfsfólks. Í því felst að starfsfólk komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinni þeim af alúð. Þetta gerir starfsfólk með því að ígrunda starfið reglulega, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og sýna þannig stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Mikilvægt er að starfsfólk sýni nærgætni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í hvívetna.

Stjórnendur og starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á að veita sem besta þjónustu og tryggja að markmiðum sé náð. Stjórnendum ber að tileinka sér góða og nútímalega stjórnunarhætti. Þeir felast meðal annars í jákvæðu viðhorfi til samstarfsmanna, virku upplýsingastreymi, dreifingu valds og ábyrgðar. Stjórnandi skal jafnan leitast við að hafa samráð við starfsmenn sína um málefni vinnustaðarins og beita sér fyrir víðtækri sátt um þau. Stjórnendur bera ábyrgð á störfum starfsmanna og stjórnendur eiga að vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. *Sjá reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum* – Reglugerð

3.5 Verksvið starfsmanna

Að skólahaldi koma margir starfsmenn með ólík verksvið sem skarast á fjölbreyttan hátt við daglegan rekstur skólastarfsins. Nánar um verksvið margra starfsmanna má finna í Heildaráætlun skólans, sjá hér og hér.
Í **handbók Hólabrekkuskóla** má finna stuttar starfslýsingar allra starfsmanna sjá hér

3.6 Trúnaðarmenn/öryggisnefnd

Trúnaðarmenn eru fulltrúar stéttarfélaga á vinnustað er varðar skilaboð, upplýsingamiðlun, framkvæmd kjarasamnings og réttargæslu félagsmanna.

Trúnaðarmaður kennara fyrir skólaárið 2026 - 2027
Hanna Júlía Kristjánsdóttir, hanna.julia.kristjansdottir@reykjavik.is

Trúnaðarmaður Sameykis fyrir skólaárið 2026 - 2027

Katrín Kristín Hallgrímsdóttir, netfang: katrin.kristin.hallgrimsdottir@reykjavik.is
Varamaður er Bjarki Rafn Guðmundsson, netfang:
bjarki.rafn.gudmundsson@reykjavik.is

Öryggisnefnd

Þar sem 50 eða fleiri starfa skulu öryggistrúnaðarmenn vera tveir og mynda svonefnda öryggisnefnd ásamt öryggisvörðum tilnefndum af atvinnurekanda. Nefndin skal fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir. Í öryggisnefnd eru:

Öryggisverðir

- Baldur Örlygsson, umsjónarmaður fasteigna, netfang:
  baldur.orlygsson@reykjavik.is
- Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, skólastjóri, netfang:
  lovisa.gudrun.olafsdottir@reykjavik.is

Öryggistrúnaðarmaður

- Hrönn Óskarsdóttir, umsjónarkennari: netfang:
  hronn.oskarsdottir@reykjavik.is
  Varamaður: Ingi Þór Óskarsson, kennari: netfang:
  ingi.thor.oskarsson@reykjavik.is

3.7 Starfsþróun

Frumkvæði starfsmanna, samvinna, metnaður og starfsþróun er lykill að árangri. Í skólanum er stefnt að því að starfsmenn eigi kost á starfsþróun innan sem utan stofnunar þar sem markmiðið er að auka þekkingu og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að

viðhalda og bæta fagþekkingu og annarri þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Framkvæmd starfsþróunar

Að frumkvæði skólastjóra á hver skóli að móta starfsþróunaráætlun til ákveðins tíma og haga henni þannig að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Í starfsþróunaráætlun starfsmanna Hólabrekkuskóla þetta skólaár er lögð áhersla á:

- Leiðsagnarnám: Að allir starfsmenn tileinki sér hugmyndafræði leiðsagnarnáms og vinni samkvæmt henni í kennslustofunni.
- Mál og læsi: Að allir árgangar vinni eftir læsisstefnu skólans ***Lestur til árangurs*** og allir nemendur sýni framfarir.
- Félagsfærni: Að kenna félagsfærni og styrkja tengsl annars vegar milli nemenda og hins vegar milli nemenda og starfsfólks.
- Jafnrétti: Að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum. Halda áfram innleiðingu Réttindaskóla UNICEF með því að nota Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem útgangspunkt í skólastarfinu. Vinna að fræðslu og vitundarvakningu í tengslum við Regnbogavottun Reykjavíkurborgar, sem skólinn hefur. Sjá aðgerðaáætlun hér
- Heilbrigði: Að leggja áherslu á góðar lífs- og neysluvenjur, líkamlega færni, kynheilbrigði og andlega og félagslega vellíðan.
- Námsmat: Að innleiða breytingar á námsmatskvarða í 10. bekk og skýra vinnu með hæfniviðmið og matskvarða í öllum árgöngum.



3.8 Skipulag starfsþróunar

Skipulag starfsþróunar, funda og dagskrá þeirra er með föstu sniði allt skólaárið.

Fyrsta þriðjudag í mánuði eru **Starfsmannafundir** og þar mæta allir starfsmenn skólans og ræða/vinna með ýmsa þætti sem snúa að skólastarfinu m.a. innra mat, jákvæða vinnustaðamenningu og margt fleira.



Annan þriðjudag í mánuði vinna kennarar með leiðsagnarnám og fá fræðslu og handleiðslu, til að auka hæfni sína og bera saman bækur.

Þriðja þriðjudag í mánuði eru eru Stefnufundir í hinum ýmsu teymum sem kennarar sitja í.

Fjórða þriðjudag í mánuði eru námsmats fundir þar sem unnið er með námsmat í skólanum. Unnið verður að innleiðingu á breyttum námsmatskvarða í 10. bekk, auk þess sem unnið verður með námsmat annarra árganga.

4. Skipulag skólaársins

4.1 Skóladagatal 2026 – 2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Hólabrekkuskóli

ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ		
1	L		1	Þ	Tiu dropar	1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn Tiu dropar	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ	Sumardeg tvöfaldur dagur
2	S		2	M		2	F		2	M	Ælingar jólaleikrit 7.b	2	M	Jólaskreytingar og jólaré	2	L		2	Þ	Skertur dagur Tiu dropar	2	Þ	Tiu dropar	2	F		2	S		2	M	
3	M	Fridagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ	Tiu dropar	3	F		3	S		3	M	Nemenda- og foreldrasamtöl	3	M		3	L		3	M		3	F	Hólaleikar
4	Þ		4	F	Foreldraheimsókn 8.b	4	S		4	M		4	F		4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ	Tiu dropar	4	F	Þjróttahátíð
5	M		5	L		5	M		5	T		5	L		5	Þ	Samstarfsdagur	5	F		5	F		5	M		5	M		5	L	
6	F		6	S		6	Þ	Tiu dropar	6	F		6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ	Tiu dropar	6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn
7	F		7	M		7	M	Skertur dagur	7	L		7	M		7	F		7	S	Dagur tónlistarskólans	7	S		7	M		7	F	Kynningar á sal Samstarfsdagur	7	M	
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F	Nemenda- og foreldrasamtöl	8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ	Jólaleikrit á sal	8	F		8	M	Bolludagur	8	M		8	F		8	L		8	Þ	Skertur dagur SD
9	S		9	M		9	F		9	M	Vika UTÁ	9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ		9	F		9	S		9	M	Útskrift 10. bekkur SD
10	M		10	F	Foreldraheimsókn 5.b	10	L		10	Þ		10	F	Rauður dagur	10	S		10	M	Öskudagur SD	10	M		10	L		10	M		10	F	Skólaslit 1. - 7. bekk SD
11	Þ		11	F		11	S	Fræðingardagur forseta Íslands (HT)	11	M		11	F		11	M		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ		11	F	Samstarfsdagur
12	M		12	L		12	M		12	T		12	L		12	Þ		12	F		12	M		12	M		12	M		12	L	
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S	
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S	Dagur starfsfræðinnar	14	M		14	F		14	M	Samstarfsdagur
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	M		15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ	Samstarfsdagur
16	S		16	M	Foreldraheimsókn 1.b Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur ísl. tungu 6. og 8.b	16	M		16	L		16	Þ		16	Þ		16	M		16	S	Hvítasunnudagur	16	M	
17	M	Samstarfsdagur	17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn
18	Þ	Samstarfsdagur	18	F	Samstarfsdagur Útis	18	S		18	M		18	F	Jóladóll	18	M		18	F		18	F	Árshátíð unglinga	18	S		18	Þ		18	F	
19	M	Samstarfsdagur	19	L		19	M		19	T		19	L		19	Þ		19	F	Menningarmót 5. og 10.b	19	F		19	M		19	M		19	L	
20	F	Samstarfsdagur	20	S		20	Þ	3.b á sal skólans	20	F	Dagur mannréttinda barna	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S	
21	F	Samstarfsdagur	21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - upphaf Góu	21	S	Pálmasunnudagur	21	M	1.b á sal skólans	21	F		21	M	
22	L		22	Þ		22	F	Vetrarleyfi	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur 4. og 9.	22	M	Vetrarleyfi	22	M		22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ	
23	S		23	M		23	F	Vetrarleyfi	23	M	Lýðræðisdagar	23	Þ	Þorlákamessa	23	L		23	Þ	Vetrarleyfi	23	Þ		23	F	Umhverfisdagur	23	S		23	M	
24	M	Skólasetning	24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ	Lýðræðisdagar	24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M	Matsferill lagður fyrir til 19. mars	24	M		24	L		24	M	Opinn SKÓLI	24	F	
25	Þ		25	F		25	S		25	M	Lýðræðisdagar	25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F	
26	M	Kennsla hefst 1. bekkur	26	L	Evrópski tungumáladagurinn	26	M	Vetrarleyfi	26	F	Opið hús f. foreldra SD	26	L	Annar í jólum	26	Þ	2.b á sal skólans	26	F	Opinn SKÓLI	26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L	
27	F		27	S		27	Þ		27	F	Samstarfsdagur	27	S		27	M	Opinn SKÓLI	27	L		27	L		27	Þ	Menntaðafnumót	27	F		27	S	
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M		28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M	
29	L		29	Þ	Opinn SKÓLI	29	F		29	S		29	Þ		29	F					29	M	Annar í Páskum	29	F	Opinn SKÓLI	29	L		29	Þ	
30	S		30	M		30	F	Opinn SKÓLI	30	M		30	M		30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M	
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S					31	M					31	M				

Skóladagatalið sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans. Tengill á skóladagatal á heimasíðu hér.

4.2 Skóladagar

Lögum samkvæmt á skólaárið að telja 180 nemendadaga. Þar af eru svokallaðir sveigjanlegir eða skertir skóladagar tíu talsins. Þeir geta verið óhefðbundnir og jafnvel styttri en venjulegir skóladagar ef svo ber undir.

Skertir dagar

Sveigjanlegir eða skertir skóladagar tíu talsins: foreldra- og nemendasamtöl 7. og 8. október 2026 og 2. og 3. febrúar 2027. Jólaskemmtanir 18. desember 2026. Lýðræðisdagur 26. nóvember, Öskudagur 10. febrúar 2027. 8. júní 2027. Útskriftir/skólaslit 9. og 10. júní 2027.

Skólabyrjun – skólalok

Fyrsti skóladagur/skólabyrjun er 24. ágúst 2026 og skólaslit verða 10. júní 2027.

Jólaleyfi

Jólaleyfi verður frá 19. desember 2026 til 4. janúar 2027. Samstarfsdagur starfsfólks verður þriðjudaginn 5. janúar 2027. Kennsla hefst aftur samkvæmt stundaskrá, miðvikudaginn 6. janúar 2027.

Páskaleyfi

Páskaleyfi verður frá 20. mars – 29. mars 2027. Kennsla hefst á ný samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 30. mars 2027.

Vetrarleyfi

Vetrarleyfi verður dagana 22., 23. og 26. október 2026 og 22. og 23. febrúar 2027.

Útivistardagar

Lokadagar skólaársins í júní eru oftast nýttir til útivistar, auk þess er útivist oft skipulögð utan þessara daga og fer þá eftir verkefnum hverju sinni. Hólaleikar verða 3. júní og íþróttahátíð 4. júní.

Starfsdagar kennara

Starfsdagar kennara á starfstíma skóla verða 18. september og 27. nóvember 2026, 5. janúar, 27. apríl og 7. maí 2027.

Foreldra- og nemendasamtöl

Dagana 7. - 8. október 2026 og 2. - 3. febrúar 2027 eru foreldrar og nemendur boðaðir í viðtöl til umsjónarkennara. Þar gefst kennurum, foreldrum og nemendum kostur á að ræða um námslega stöðu og líðan nemanda.

Kennsludagar

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

Árgangur	1. – 4.	5.	6. og 7.	8. – 10.
Kennslustundir á viku	30 (1200 mín)	35 (1400 mín)	35 (1400 mín)	37 (1480 mín)
Skólatími	Kl. 8:30 – 13:40	Kl. 8:30 – 14:00	Kl. 8:30 – 14:00	Kl. 8:50 – Mismunandi skólalok / VAL

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Haustið 2024 hófst þriggja ára verkefni hjá Reykjavíkurborg um seinkaðan skóladag unglinga. Nemendur í 8. – 10. bekk byrja ekki skóladaginn fyrir kl. 8:50.

Útfærsla kennslutímans

Stundaskrá allra nemenda skólans er samfelld og nánari útfærsla á skóladeginum eftir árgöngum er sem hér segir:

1. – 4. bekkur; skóladagurinn byrjar á tveimur 80 mín vinnulotum með 20 mín frímínútum á milli, matarhlé og frímínútur eru milli kl. 11:30 og 12:20 og loka vinnulota frá kl. 12:10 – 13:40

5. - 7. bekkur; skóladagurinn byrjar á 100 mín vinnulotu, þá 20 mín frímínútum, önnur vinnulota 85 mín. Matarhlé og frímínútur eru milli kl. 11:55 og 12:40 og loka vinnulota frá kl. 12:40 – 14:00.

8. – 10. bekkur; skóladagurinn byrjar á 80 mín vinnulotu, þá 20 mín. frímínútur og 120 mín vinnulota, matartími og frímínútur kl. 12:30 – 13:00, síðan loka vinnulota frá kl. 13:00 – 13:40 eða 14:20.

Prófadagar

Sérstakir prófadagar eru ekki í skólanum þar sem áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat s.s. hæfnimiðað námsmat, símat, sjálfsmat, einstaklingsverkefni, hópverkefni og virkni.

Matsferill

Notkun hófst á nýjum Matsferli Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu veturinn 2025 - 2026. Stöðu- og framvindu próf í lesskilningi og stærðfræði verða lögð fyrir 3. – 10. bekk á tímabilinu 22. febrúar - 19. mars 2027 samkvæmt ákveðnu skipulagi sem sent verður út til foreldra.

4.3 Vettvangsferðir

Ef ferðir eru farnar á skólatíma og þær skipulagðar af skólanum eru þær nemendum að kostnaðarlausu. Ferðir sem skipulagðar eru af foreldrum og foreldrafélagi eru ekki greiddar af skólanum. Í skólaferðum gilda skólareglur. „Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda." Sjá 33. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

Komist nemandi af einhverri ástæðu ekki með í skipulagða vettvangs- eða nemendaferð er honum ætlað að mæta í skólann til annars skólastarfs. Ávallt skal gera ráðstafanir til þess að nemandi sem ekki kemst í ferðir fái umönnun eða kennslu á meðan á ferðinni stendur og tilkynna foreldrum/forráðamönnum ástæður og tilhögun. Ef ferðalag á vegum skólans stendur yfir nótt eða lengur, þarf skriflegt leyfi foreldra. Um reglur í ferðum á vegum skólans er fjallað í skólareglum.

Kennarar og fleiri skólastarfsmenn fara með nemendur í vettvangsferðir jöfnum höndum yfir skólaárið. Bæði eru stofnanir heimsóttar, náttúran skoðuð og borgin sjálf. Lengri vettvangsferðir eru oftast farnar í lok skólaárs. Eingöngu nemendur í 7., 9. og 10. bekk fara í gistiferðir.

4.4 Nemenda- og foreldrasamtöl

Í nemenda- og foreldrasamtölum gefst foreldrum og nemendum kostur á að ræða um námslega stöðu, líðan, skólasókn og félagstengsl. Jafnframt aðstoða kennarar nemendur oft að setja sér markmið í framhaldinu með aðstoð Námshringsins.


Námshringurinn

Námshringurinn er verkfæri fyrir nemendur, foreldra og skóla til að meta styrkleika og stöðu nemandans á ýmsum sviðum. Verkfærið var þróað í Hólabrekkuskóla og byggir á stigagjöf nemandans við ýmsum staðhæfingum og nýtist til að meta félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði, sjá hér

5. Skipulag kennslu

5.1. Stundaskrár

Allar stundaskrár nemenda er hægt að sjá á vefnum á slóð: https://www.infomentor.is/ og einnig eru þær hér



5.2 Skipulag

Við skipulag náms og kennslu í skólanum er nemandinn ávallt í öndvegi þar sem megináhersla er lögð á vellíðan og vandaða menntun. Nauðsynlegt er að þetta tvennt fari saman enda á hvorugt að geta verið án hins í þróttmiklu skólastarfi. Fjölbreytni námsgreina er mikil og áhersla á að hver og einn fái notið sín og ræktað hæfileika sína.

Skipulag 1. - 4. bekkur

Umsjónarkennarar sinna meirihluta kennslunnar á þessu aldursstigi, en faggreinakennt er í skólaíþróttum og list- og verkgreinum. Áhersla er á teymiskennslu. List- og verkgreinar eru kenndar í lotum sem taka mið af skóladagatali og er nemendum skipt í minni hópa.

Skipulag 5. - 7. bekkur

Umsjónarkennarar sinna meirihluta kennslunnar á þessu aldursstigi, en þó skipta kennarar stundum með sér kennslu í kjarnafögum. Áhersla er á teymiskennslu. Faggreinakennt er í skólaíþróttum og list- og verkgreinum. List- og verkgreinar eru kenndar í lotum sem taka mið af skóladagatali og er nemendum skipt í minni hópa. Dönskukennsla hefst í 7. bekk.

Skipulag 8. – 10. bekkur

Hver hópur hefur sinn umsjónarkennara í 8. – 10. bekk og kennir hann hópnum eina eða fleiri námsgreinar. Áhersla er á teymiskennslu. Í 8. bekk eru list- og verkgreinar kenndar í lotum sem taka mið af skóladagatali og er nemendum skipt í minni hópa.

Valgreinar í 8. - 10. bekk

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær valgreinar sem þeir hafa mestan áhuga á og aðrar greinar til vara.

Valáfangar eru kenndir hálft ár í senn tvær kennslustundir á viku nema annað sé tekið fram í áfangalýsingu. Nemendur í 8. bekk velja sér eina valgrein, samtals 2 kennslustundir á viku. Nemendur í 9. og 10. bekk fá fimm kennslustundir á viku í vali fyrir og eftir jól. Það þýðir að þeir geta valið að taka tvær valgreinar fyrir jól og þrjár eftir jól eða öfugt, samtals 5 kennslustundir á viku.

Nemendur fylla út skráningarblað sem skila skal til náms- og starfsráðgjafa eða á skrifstofu skólans. Það skal tekið fram að kannski er ekki hægt að verða við öllum óskum nemenda um fyrsta valáfanga og mun þá næsti kostur verða valinn og síðan koll af kolli. Skólinn áskilur sér rétt til að fella niður valáfanga ef umsækjendur eru of fáir.

Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Nemendur geta einnig leitað til kennara eða náms- og starfsráðgjafa og fengið hjá þeim leiðsögn. Nemendur hafa u.þ.b 7 daga glugga í upphafi annar til að gera breytingar á valgreinum.

Skipulagt nám og íþróttaiðkun utan skóla

Heimilt er að meta skipulagt nám og/eða íþrótta- og frístundastarf sem stundað er utan grunnskóla. Dæmi um slíkt er t.d. skipulagt tónlistarnám,

skipuleg íþróttaiðkun hjá íþróttafélagi, skipulagt listnám eins og ballett, samkvæmisdansar, myndlist og leiklist. Skólinn metur einnig nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla sem valgrein. Í hverju tilviki metur skólinn umfang slíks náms og gæta þarf jafnræðis í afgreiðslu mála.

Skila þarf staðfestingu á þátttöku í skipulögðu námi/starfi til skólans á sérstöku eyðublaði fyrir 10. september, með undirritun/staðfestingu frá kennara/þjálfara. Eyðublaðið má nálgast hjá Náms- og starfsráðgjafa skólans.

5.3 Móttökuáætlun

Móttökuáætlun Hólabrekkuskóla tilgreinir ítarlega hvað fer fram við innritun nemanda sem eru nýfluttir til landsins, nauðsynlegan undirbúning foreldra/skólans fyrir komu nemandans og fyrstu skref hans. Áætlunin inniheldur gátlista sem eru notaðir við undirbúning móttökuviðtals sjá hér Einnig er kynningarviðtal Stikum af stað sjá hér.
Markmiðið er að nemandi fái hlýjar móttökur og greinargóðar upplýsingar. Í móttökuviðtali skólans er annars vegar lögð áhersla á að afla upplýsinga um nemandann og hins vegar að veita upplýsingar um skólann og skólastarfið. Foreldrar fá upplýsingabækling um skólann og annað sem varðar skólagöngu nemandans.

Allir grunnskólar skulu hafa móttökuáætlun fyrir nemendur sem eru nýfluttir til landsins og með annað móðurmál en íslensku. „Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að nýir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um grunnskólastarf “ Sbr. 16. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.

Þegar nemendur hafa búið hér á landi og flytjast á milli skóla hitta þeir, ásamt foreldrum sínum, umsjónarkennarann sinn áður en þeir hefja skólagöngu í Hólabrekkuskóla. Umsjónarkennari kynnir skólann og veitir upplýsingar um bekkjarstarf. Í framhaldi af þessari heimsókn ákveða foreldrar og kennari í sameiningu fyrsta skóladaginn. Ef þörf er á aðkomu stoðþjónustu boðar deildarstjóri viðeigandi aðila á fund.

Inngilding - íslenskukennsla

Skólinn leggur áherslu á inngildingu allra nemenda með heildrænni nálgun og árangursríkum kennsluaðferðum. Áhersla er á raunprófaðar



kennsluaðferðir í bekkjaraðstæðum sem skila árangri í fjölbreyttum nemendahópi. Nýir nemendur sem koma erlendis frá læra íslensku í bekknum með þeim gagnreyndu aðferðum sem skólinn notar. Auk þess sem nemendur í 5. – 10. bekk fá ÍSAT kennslu.

Lögð er áhersla á að aðlaga aðstæður þannig að nemandinn tengist umsjónarkennara og geti strax tekið þátt í skólastarfinu, tengist fljótt og vel félagahópnum og nái þannig sem best að nýta og þroska styrkleika sína.
Allir brosa á sama tungumáli er aðferð sem gengur út á að vinna markvisst með orðaforða og gagnreyndar lestraraðferðir. Búið er að festa aðferðina í sessi í kennslu 1. og 2. bekkjar.

5.3 Tungumálastefna

Í Hólabrekkuskóla eru töluð mörg tungumál. Litið er á fjölbreytta tungumálaþekkingu sem auðlind, mikilvæga fyrir einstaklinginn og samfélagið. Skólinn leggur áherslu á að unnið sé með tungumálin á fjölbreyttan hátt og lögð áhersla á jákvætt viðhorf til tungumála og nemenda, skólastarfsmanna og foreldra sem tala mismunandi tungumál. Mikilvægt er að huga að fjölbreyttum tungumálabakgrunni nemenda, hann viðurkenndur og virtur og þannig stefnt að inngildingu allra nemenda. Eitt af því sem allir eru sammála um er mikilvægi félagsfærni og sjálfseflingar, en þetta eru tveir af grundvallarþáttum Menntastefnu Reykjavíkur. *Hluti af því er að geta átt frjó samskipti við fjölskyldu og vini og eignast rödd í því samfélagi sem maður tilheyrir.*

Móðurmál má skilgreina á marga vegu, en oftast er litið svo á að það sé fyrsta tungumál barns og það mál sem það binst tilfinningaböndum, sem foreldrar þess tala og þar sem hæfni barnsins er mest. Þetta er þó ekki alltaf raunin hjá fjöltyngdum börnum, því þau geta haft tvö eða fleiri tungumál að móðurmáli og hæfni í erlendum móðurmálum er oft minni en hæfni í tungumáli skólans og samfélagsins.

Virkt fjöltyngi felur í sér virka reglulega notkun á tveimur eða fleiri tungumálum. Slíkur ávinningur getur náðst ef dvalið er samtímis í tveimur eða fleiri tungumálaheimum og færni í öllum málum því þróuð samhliða. Til að slíkt náist þurfa börn og foreldrar að rækta móðurmálin, nota þau í samskiptum sín á milli og við aðra og hafa aðgang að bókum og afþreyingarefni á móðurmálinu. Þó er grundvallaratriði að fjöltyngdir einstaklingar hafi áhuga á

að viðhalda öllum málum sínum, hvatinn þarf að vera til staðar eða/og þörf til að nota málið. Því er mikilvægt að öll tungumál séu virt í samfélaginu öllu, innan og utan heimilis og skóla og að hvert og eitt njóti virðingar.

Í íslensku námsumhverfi er virkt fjöltyngi námsmarkmið þar sem leitast er við að börn nái góðum árangri í skólamálinu íslensku en þrói samtímis móðurmál sín.

Skólamálið okkar er íslenska og er lögð markviss áhersla á það í öllu skólastarfi Hólabrekkuskóla, að ALLIR nemendur þrói með sér læsi, lestur, tal og ritun á íslensku.

Skólinn leggur áherslu á góð samskipti við foreldra allra barna, gott upplýsingaflæði, menningarnæmni og traust.

Sbr. Aðalnámskrá grunnskóla, . „Hjartans mál" Leiðarvísir Mennta- og menningarmálaráðuneyti: 2020, Menntastefna Rv., Heildaráætlun Hólabrekkuskóla, Læsisstefna Breiðholts /Hólabrekkuskóla,.

6. Nám og kennsla

Allir árgangar vinna með hæfniviðmið aðalnámskrár í tengslum við eftirfarandi grunnþætti menntunar: **Læsi, sköpun, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og jafnrétti.**

6.1 Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir skólans byggja á **gagnreyndum aðferðum** sem nýtast öllum nemendum og áhersla alltaf lögð á **heildstæða nálgun** þar sem nemandinn er í brennidepli. Megináhersla er á læsi, félagsfærni og sterka sjálfsmynd nemenda. Kennslan miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt og að allir nemendur sýni framfarir.

Árangursríkar aðferðir og leiðir sem Hólabrekkuskóli aðhyllist eru gagnreyndar aðferðir sem skila árangri í fjölbreyttum nemendahópi.

- K-PALS/G-PALS/PALS – Nemendapör lesa saman, gagnreynd lestraraðferð
- STARRI - Markviss kennsla og vinna með orðaforða, gagnreynd aðferð

- *Allir brosa á sama tungumáli*, markviss orðaforðavinna
- Endurtekinn lestur og tímataka
- Býflugnalestur og kórlestur
- Heimalestur/Læsir – markviss vinna með lesefni við hæfi, farið eftir heimalestrarviðmiðum skólan

Lestur til árangurs - lestrarstefna Hólabrekkuskóla
https://sites.google.com/gskolar.is/holabrekkuskoli-lestur/lestur-til-%C3%A1rangurs



Pals lestarkennsluaðferðin er notuð í 1. - 7. bekk. Aðferðin er gagnreynd sem þýðir að hún hefur verið sannprófuð og skilar árangri.

Starri (Starling) markviss orðaforðakennsla er kennd í 3. - 9. bekk í vetur.
Skólaárið 2025 - 2026 hófst innleiðing Starra í skólanum í þrjá árganga og gekk sú innleiðing vonum framar. Skólinn var og er í markvissu samstarfi við höfunda aðferðarinnar Aaron Jordan og Dr. Emmu Vardy sem og sérfræðinga í Háskóla Íslands.
Ákveðið var í haust að Hólabrekkuskóli leiði aðferðina hér á landi og sjái um námskeið og stuðning við þá skóla sem vilja innleiða aðferðina hjá sér.

6.2 Námsumhverfi

Skólinn leggur áherslu á að aðlaga námsumhverfið þannig að allir nemendur nái sem best að nýta og þroska styrkleika sína og geti tekið virkan þátt í skólastarfinu.



Sjónræn skilaboð auðvelda og leiðbeina nemendum í námi og kennslu. Áherslan er því

ávallt lögð á slíkt skipulag, hvort sem er í bóklegum og/eða verklegum námsgreinum. Gott hjálpartæki við sjónræn skilaboð og bekkjarstjórnun er Classroom Screen, sjá mynd.

Aðrar aðferðir og leiðir til að virkja nemendur á námssvæðum:

- Sjónrænt skipulag, Classroom Screen, skilaboð á sjónrænu/tölvutæku formi, fyrirmæli til nemenda t.d. Fyrst – svo, tímavaki, hópaskiptingar o.fl.
- Sjónræn stundatafla – hver dagur er settur upp sjónrænt í náms- og kennslurými; á vegg og/eða borð.
- Uppröðun í náms- og kennslurými; ávallt hugað að náms- og félagslegum markmiðum.
- Heyrnarhlífar – eru í boði í öllum kennslurýmum í skólanum.
- Sessur, teygjur og boltar – í boði fyrir þá sem þurfa.
- Hlutbundin námsgögn, þau eru höfð á borðum t.d. í stærðfræði.
- Námsspil – notuð í kennslu til að efla fjölbreytni í kennsluháttum.

6.3 Stafræn tækni

Í kennslu í stafrænni tækni er áhersla á að virkja nemendur í að hugsa út fyrir boxið í tengslum við sköpun og nýta tækni m.a. til að þróa og skapa í skólastarfinu. Nemendur í 6. - 8. bekk fá kennslu í lotum í stafrænni tækni þar sem kennd er undirstaða í

Skólinn á ýmis tæki til að nota í tengslum við stafræna tækni t.d. þrívíddarprentara, vínilskera og upptökubúnað. Auk þess er fjölbreyttur búnaður í boði fyrir nemendur til þess að samhæfa nýja strauma í tækni við hefðbundið skólastarf. Þar má nefna ýmis vélmenni t.d. Cue, Cozmo og Dash og ýmis tæki sem efla þekkingu á forritun eins og t.d. Makey Makey, Arduino, Raspberry Pi og fjöldann allan af forritum og viðbótum við þær Ipad spjaldtölvur og Chromebækur sem notaðar eru í kennslunni. Einnig vinna nemendur með og læra að umgangast gervigreind.

6.4 Náms- og kennsluáætlanir

Leiðarljós Hólabrekkuskóla við gerð náms- og kennsluskipulags eru grunnþættir aðalnámskrár. Náms- og kennsluskipulag tekur mið af hæfni- og matsviðmiðum hennar ásamt menntastefnu borgarinnar. Áherslan er á ábyrgð nemenda í námi. Náms- og kennsluskipulagið á að koma til móts við þarfir, áhuga, námsgleði og námsstíl nemenda, sbr. Heildaráætlun Hólabrekkuskóla

og skólastefnuna Uppeldi til ábyrgðar. Náms- og kennsluáætlanir eru gerðar í öllum árgöngum skólans.

Náms- og kennsluskipulag árganga:

Náms- og kennsluskipulag í 1. bekk, sjá hér

Náms- og kennsluskipulag í 2. bekk, sjá hér

Náms- og kennsluskipulag í 3. bekk, sjá hér

Náms- og kennsluskipulag í 4. bekk, sjá hér

Náms- og kennsluskipulag í 5. bekk, sjá hér

Náms- og kennsluskipulag í 6. bekk, sjá hér

Náms- og kennsluskipulag í 7. bekk, sjá hér

Náms- og kennsluskipulag í 8. bekk, sjá hér

Náms- og kennsluskipulag í 9. bekk, sjá hér

Náms- og kennsluskipulag í 10. bekk, sjá hér



6.5 Umsjónarkennarar 2026 - 2027

Árgangar	Bekkir/Umsjónarkennarar	Deildarstjórar
1. bekkur	Snædís Vagnsdóttir Tinna Heiðdís Elíasdóttir	Hjördís Þórðardóttir deildarstjóri yngsta stigs
2. bekkur	Halldóra Tinna Viðarsdóttir Lára Ágústa Hjartardóttir Sigrún Ámundadóttir	
3. bekkur	Hrönn Óskarsdóttir Jórunn Arna Þórsdóttir	
4. bekkur	Andrea Guðmundsdóttir Stefanía Ósk Sigurjónsdóttir	
5. bekkur	Ragna Björg Einarsdóttir Veiga Dís Hansdóttir	Brynja Þórsdóttir deildarstjóri miðstigs
6. bekkur	Íris Bjarnadóttir Katrín Elly Björnsdóttir	
7. bekkur	Anna María H. Guðgeirsdóttir Andrea Ósk Guðlaugsdóttir Erla Steinþórsdóttir	
8. bekkur	Elísabet María Guðmundsdóttir Hólmfríður Ósk Guðmundsdóttir Þóra Mjöll Jensdóttir	Margrét Ingadóttir deildarstjóri elsta stigs
9. bekkur	91 Arna Margrét Ólafsdóttir 92 Hanna Júlía Kristjánsdóttir	
10. bekkur	101 Aðalheiður Lilja Hlynsdóttir 102 Daði Bærings Halldórsson	

6.6 Lykilhæfni



Kennsluskipulag í öllum árgöngum tekur mið af lykilhæfni en sú hæfni tekur til alhliða þroska nemandans. Lykilhæfni tengist öllum námsgreinum og er metin samhliða öðru námsmati og oft þvert á námsgreinar.

Viðmið um matið eru sett fram í fimm liðum sem eiga við öll námssvið:



Námsgreinar eftir árgöngum	
1. – 3. bekkur Íslenska Náttúrufræði Samfélagsfræði Stærðfræði Sjón- og sviðslistir Skólaíþróttir List- og verkgreinar	4. – 6. bekkur Íslenska Náttúrufræði Samfélagsfræði Stærðfræði Sjón- og sviðslistir Stafræn tækni (6. bekkur) Skólaíþróttir List- og verkgreinar Enska
7. – 10. bekkur Íslenska Náttúrufræði Samfélagsfræði Stærðfræði Sjón- og sviðslistir Skólaíþróttir Stafræn tækni 7. og 8. bekkur List- og verkgreinar Enska Danska	Val í 8. – 10. bekk Val í 8. bekk – 2 kennslustundir Val í 9. og 10. bekk 5 kennslustundir

6.7 Stefna skólans í heimanámi

Heimanám er mikilvægur þáttur í námi nemenda, í tengslum við heimanámið gefst foreldrum tækifæri til að veita börnum sínum stuðning og hvatningu. Foreldrar geta lagt sitt af mörkum til þess að barninu gangi vel í skólanum með því að fylgjast vel með heimanámi þess.

Námstækni felur í sér þær aðferðir sem nemandinn notar við að læra í skólanum og heima. Sá sem vill ná betri árangri í skólanum ætti að skoða námsvenjur sínar og huga að góðri námstækni. Allir nemendur verða að læra að bera ábyrgð á námi sínu og afköstum. Því er mikilvægt að nemendur skipuleggi heimanámið vel og tíma sinn. Lífsstíll nemenda tengist einnig námstækni.

Áhersla er fyrst og fremst lögð á heimalestur í öllum árgöngum. Mikilvægi lesturs er öllum kunn og því tekin sú ákvörðun að allir nemendur lesi heima fimm daga vikunnar fyrir foreldra eða einhvern fullorðinn og skrái á **Læsir** eða í heimalestrarhefti.

Ef heimalestri er ekki sinnt þá fylgja umsjónarkennarar/kennarar ferli um viðmið um heimalestur.



7. Menntastefna Reykjavíkur

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Henni er ætlað að mæta áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefnan byggir á grunnþáttum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Sterkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og núgildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

7.1 Áherslur skólans á þætti menntastefnu Reykjavíkur

Í skólanum er unnið með alla þætti menntastefnunnar og þeir fléttaðir markvisst inn í skólastarfið. Sjá menntastefnu Reykjavíkurborgar hér.

Annað hvert ár er haldið nemendaþing Hólabrekkuskóla sem tekur einnig til grunnþátta menntastefnunnar, þar sem nemendur eru virkjaðir til þátttöku.



Lestur til árangurs; gagnreyndar kennsluaðferðir, Vinaliðaverkefnið, stafræn tækni og Skólastefnan *Uppeldi til ábyrgðar* vinna einnig markvisst með þætti menntastefnunnar *Látum draumana rætast*.

7.2 Þróunarverkefni skólans tengd menntastefnu Reykjavíkur

Öll þróunarverkefni skólans tengjast menntastefnunni *Látum draumana rætast*. Leiðsagnarnám, *Lestur til árangurs*; Starri markviss orðaforðakennsla, Allir brosa á sama tungumáli og önnur þróunarverkefni fléttast inn í skólastarfið ásamt skólastefnunni Uppeldi til ábyrgðar.

Verkefni sem hafa verið unnin og eru orðin hluti starfsins:

Skólatengslaverkefnið Verkefnið hófst árið 2018 þar sem unnið er markvisst með góð skólatengsl milli nemenda og milli starfsfólks og nemenda. Umsjónarmaður er Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, skólastjóri.

Allir brosa á sama tungumáli Þemakennsla í 1. og 2. bekk sem vinnur markvisst með orðaforða eftir ákveðnu ferli. Umsjónarmaður er Sólveig Edda Ingvarsdóttir sérkennari og verkefnastjóri læsis.

Veturinn 2024 – 2025 fór af stað þróunarverkefnið **Teymiskennsla og samstarf í Hólabrekkuskóla** undir handleiðslu Ingvars Sigurgeirssonar.

Veturinn 2025 – 2026 fékk skólinn myndarlegan styrk til að vera fyrsti skólinn á Íslandi til að innleiða **Starra (Starling)**, sem er markviss vinna með orðaforða með aðferðum PALS.

Leiðsagnarnám ásamt áframhaldandi teymiskennslu er aðaláherslu þáttur skólárið 2026 - 2027. Allir kennarar og stuðningsfulltrúar sitja námskeið sem nær yfir skólaárið og er undir handleiðslu Eddu G. Kjartansdóttur.



8. Mat á skólastarfi

Sveitarfélögum er skylt að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta Menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mats skóla, ytra mats sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig

að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur, sjá hér.

8.1 Áætlun um innra mat fyrir skólaárið

Áætlun um innra mat byggir á stefnu skólans, megin áherslum í stefnu borgarinnar *Látum draumana rætast*. Innra mat er fagleg ígrundun þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Vel þróað innra mat leiðir af sér:

- Aukin gæði náms og kennslu og betri námsárangur
- Eflingu fagmennsku og styrkingu lærdómssamfélags
- Betri upplýsingagjöf og innra eftirlit

Langtímaáætlun innra mats

Hólabrekkuskóli — Innra mat - langtímaáætlun

Skólaárið	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Gæði kennslu	x			
Árangur náms	x			
Tengsl við foreldra og aðra í nærsamfélaginu	x			
Námsvitund		x		
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks		x		
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir		x		
Faglegt samstarf og samræða		x		
Starfsmannastjórnun og verkaskipting			x	
Umbætur og innleiðing breytinga			x	
Ábyrgð og þátttaka			x	
Samvirkni í stefnumótun				x
Skipulag náms				x
Inntak og námskrár				x

Áætlaðir matsþættir innra mats 2026 - 2027		
Námsvitund - þættir til skoðunar	**Hvernig kannað**	**Ábyrgð á framkv.**
Nemendur eru virkir og áhugasamir í náminu. Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur. Nemendur setja sér markmið í námi og hafa fengið kennslu í því. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í náminu. Nemendur fá val um námsaðferðir. Nemendur þjálfast í að meta eigið nám, vinnu og framvindu.	Viðtöl við 2 - 3 rýnihópa nemenda 2x yfir skólaárið 2026 - 2027 Nemenda-könnun Skólapúlsins 6. - 10. bekkur	Skólastjóri/ aðstoðarskólastj. Fagmennskuteymi
Leiðtogahæfni stjórnenda	**Hvernig kannað**	**Ábyrgð á framkv.**
Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun sem styrkir þá í starfi og eflir sem faglega leiðtoga. Skólastjóri hvetur aðra stjórnendur til starfsþróunar. Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika að bera ábyrgð á verkefnum. Skólasamfélagið er upplýst um þau verkefni sem í gangi eru og ábyrgðaraðila þeirra, sé til að allar upplýsingar um verkefni séu uppfærðar og réttar. Stjórnendur og kennarar eru hvattir til að sækja sér faglega handleiðslu t.d. á vegum borgarinnar. Stjórnendur hvetja starfsfólk til að huga að heilsu og veita svigrúm til þess.	Könnun send á stjórnendur og Starfsfólk skólaárið 2026 - 2027 Umræður á minni starfsmanna-fundum og niðurstöður skráðar Starfsmanna-könnun, Stofnun ársins	Skólastjóri/ aðstoðarskólastj. Fagmennskuteymi
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	**Hvernig kannað**	**Ábyrgð á framkv.**
Heimasíða er virk og inniheldur réttar upplýsingar Reglulegar kannanir meðal nemenda, foreldra og starfsmanna sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda. Starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt. Stjórnendur viðhafa skýra og virka ferla um samskipti og lausn á ágreiningsmálum.	Staða á heimasíðu tekin reglulega Könnun send á foreldra og starfsmenn. Viðtöl við 2 - 3 rýnihópa nemenda	Skólastjóri/ aðstoðarskólastj. Fagmennskuteymi

Fylgst með að aðbúnaður skóla sé öruggur Nemendum kynnt öryggismál, þ.m.t. netöryggi Starfsmönnum og verktökum sem að skólastarfinu koma reglulega kynnt lög um persónuvernd og trúnað. Skráð hvar nemendur eigi aðkomu í nefndum og ráðum. Nemendum er kynnt hvar þeirra fulltrúar taka þátt og hverjir það eru. Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins koma að endurskoðun skólareglna.	Nemenda-könnun Skólapúlsins 6. - 10. bekkur Starfsmanna-könnun, Stofnun ársins	
Faglegt samstarf og samræða	**Hvernig kannað**	**Ábyrgð á framkv.**
Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna inn og utan skólans og hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu. Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal starfsmanna. Stjórnendur fylgjast með gæðum kennslu og fá upplýsingar frá kennurum. Kennarar fá ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn. Stjórnendur sjá til þess að niðurstöður séu skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum. Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem allir eru mikilvægir. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólann. Starfsþróunaráætlun skólans byggir á stefnu hans og nær til allra starfsmanna. Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.	Könnun send á starfsmenn Umræður á minni starfsmanna-fundum og niðurstöður skráðar Stjórnendur fara í innlit í kennslustundir hjá öllum kennurum skólaárið 2026 -2027 Starfsmanna-könnun, Stofnun ársins	Skólastjóri/ aðstoðarskólastj .Fagmennskuteymi

8.2 Ytra mat á skólum

Á nokkurra ára fresti er framkvæmt heildarmat á starfsemi skóla. Starfsmenn skóla- og frístundasviðs sjá um framkvæmd heildarmats. Árið 2014 fór síðast fram heildarmat í Hólabrekkuskóla. Markmið matsins er að efla skólastarf og veita yfirsýn yfir sterka og veika þætti skólastarfsins. Matinu er ætlað m.a. að aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans, styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum og gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.

Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið. Leiðarljós við matið var: Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum. Nánari upplýsingar má finna á vef Reykjavíkurborgar

8.3 Umbótaáætlun skólans

Umbótaáætlun vinnur með þá þætti sem innra mat skólans setur fram til að ná fram markmiðum og stefnu skólans. Þar eru sett viðmið og ábyrgðaraðilar til að ná fram umbótaþáttum skólastarfsins.

Lokaskýrslu innra mats og umbótastarfs skólaárið 2026 - 2026 er að finna hér
Aðgerða og umbótaáætlun 2026 - 2027 er að finna hér

9. Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Nemandinn öðlast aukið öryggi við að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu sem og samræmi í gildum og væntingum heima fyrir og í skólanum.

Heimili og skóli hafa gefið út handbækur fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er lýst starfi foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða.

Hér má nálgast Handbók foreldrafélaga grunnskóla.

9.1 Stefna skóla í foreldrasamstarfi

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla og er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Þennan þátt þarf að rækta enda þekkja foreldrar börnin sín best og því er nauðsynlegt að þeir hafi samband við kennara og skólastjórnendur hvenær sem þeir telja þörf á og á sama hátt mun skólinn hafa samband ef þurfa þykir. Við megum aldrei gleyma því að foreldrar eru sterkasti mótunaraðili barnanna og hafa ótvíræð áhrif á hvernig börnin upplifa skólagöngu sína. Því skiptir þátttaka þeirra í námi

barnanna verulegu máli. Jákvætt viðhorf er okkur öllum ákaflega mikilvægt. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín til dáða og sýni viðfangsefnum þeirra áhuga. Þá er einnig mikilvægt að þeir kenni börnum sínum að sýna kurteisi í garð annarra og að koma heiðarlega fram. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar eru upplýsingar um markmið og tilgang foreldrasamstarfs í grunnskólum, sjá hér



Hólabrekkuskóli leggur mikið upp úr öflugu og góðu foreldrasamstarfi. Þegar litið er til niðurstaðna rannsókna á áhrifum foreldra á nám og líðan barna þeirra í skólanum kemur í ljós að enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur og líðan nemenda og foreldrar þeirra. Talið er að rekja megi 70% af námsárangri nemenda til þátta utan skólans, ekki síst til heimilanna.



Mynd: Frá fundi Brúarsmiða með foreldrum í Hólabrekkuskóla 16. september 2026.

Brúarsmiðir Reykjavíkurborgar eru í góðu samstarfi við skólann og er það orðinn fastur liður að halda fund með þeim og foreldrum sem hafa annað móðurmál en íslensku að hausti. Þessir fundir eru mikilvægur liður í að koma til móts við öll og byggja upp traust og samvinnu milli heimila og skóla.

Einn liður í góðri samvinnu heimila og skóla hjá okkur eru nemenda- og foreldrasamtölin þar sem umsjónarkennarar setjast niður með nemendum og foreldrum og nemandinn setur sér markmið út frá niðurstöðum *Námshringsins*.

Tíu dropar

Einu sinni í mánuði er boðið upp á kaffispjall foreldra og stjórnenda með opinni kaffistofu. Foreldrum er boðið í morgunkaffi á kaffistofu skólans til skrafs og ráðagerða. Megin hugmyndin er að opna á umræðu um hvað við erum að gera vel, af hverju erum við stolt af í skólanum okkar, hvað við viljum við mögulega gera meira af og hverju viljum við breyta. Saman gerum við góðan skóla enn betri!



Nýtt - Opinn skóli

Foreldrum er boðið í heimsókn í fyrstu kennslustund nokkrum sinnum yfir skólaárið



9.2 Foreldrafélag

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldrafélag og er skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um

kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Aðalnámskrá grunnskóla

Nöfn og netföng stjórnar foreldrafélags:

Kristín Ósk Magnúsdóttir formaður, netfang: kristinosma@gmail.com
Elín Sigrún Espiritu Helgadóttir gjaldkeri, netfang: elin.espirutu@gmail.com
Alda Dröfn Guðbjörnsdóttir, netfang: aldadrofn2@gmail.com
Ewelina Kacprzycka, netfang: ewelina.kacprzycka@wp.pl
Pétur Ólafur Aðalgeirsson, netfang: peturolafura@gmail.com
Þórdís Ellen Rögnvaldsdóttir, netfang: disa.rognvaldsdottir@gmail.com
Þórdís Steindórsdóttir, netfang: disasteindors@gmail.com



Foreldrafélag Hólabrekkuskóla er öflugt félag sem stendur fyrir ýmsum viðburðum yfir skólaárið. Aðalfundur er haldinn að hausti til að hefja starf vetrarins. Foreldrafélagið og stjórnendur vinna náið saman og hafa reglulega fundi yfir skólaárið. Dagbjört J. Þorsteinsdóttir verkefnastjóri frá skóla- og frístundasviði hefur komið inn og stutt við öflugt starf okkar og kunnum við henni miklar þakkir fyrir. Eitt af okkar nýju verkefnum með Dagbjörtu er *Bekkjarfulltrúar í alla árganga* og a.m.k. einn - tveir viðburðir yfir skólaárið fyrir hvern árgang.

9.3 Kynning, lög og starfsreglur

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.
Foreldrar og/eða forráðamenn allra nemenda í Hólabrekkuskóla eru sjálfkrafa félagar í Foreldrafélagi Hólabrekkuskóla. Markmið félagsins er að vinna að

velferð nemenda, meðal annars með því að koma á öflugu samstarfi milli skólans og heimila nemenda og jafnframt að stuðla að því að skólinn geti á hverjum tíma fullnægt sem best þeim kröfum sem til hans eru gerðar.

9.4 Verkefnaskrá

Foreldrafélag Hólabrekkuskóla er mjög virkt félag sem heldur utan um marga viðburði yfir skólaárið. Helstu viðburðir sem félagið stendur fyrir eru:

Haustföndur Foreldrafélagið stendur fyrir haustföndri í skólanum. Nemendur 10. bekkjar eru oft með veitingasölu til styrktar útskriftarferð. Haustföndrið er ekki hugsað sem fjáröflun fyrir foreldrafélagið.

Útskrift 10. bekkjar Foreldrafélagið tekur þátt í útskrift 10. bekkjar með því að bjóða upp á köku og gefa öllum útskriftarnemendum rós. Hátíðleg og skemmtileg stund sem er gaman að taka þátt í.

Hverfisröltið Foreldrafélagið hefur í einhver ár staðið fyrir skipulögðu hverfisrölti á föstudagskvöldum og oftar ef þurfa þykir.

Bekkjarfulltrúar Eitt af verkefnum foreldrafélagsins er að sjá til þess að í hverjum bekk/hóp séu tveir til þrír bekkjarfulltrúar. Þeir eru tengiliðir stjórnar foreldrafélagsins inn í bekkina auk þess að sjá til þess að skipulögð séu bekkjarkvöld helst einu sinni á önn.

Samstarf foreldrafélaganna í Breiðholti Foreldrafélög grunnskólanna fimm í Breiðholtinu er í góðu samstarfi. Félögin halda samráðsfundi með skólastjórnendum 2x á ári en skólarnir skiptast á að bjóða heim.

Félögin hafa síðustu ár séð um að skipuleggja **rölt um hverfin á öskudeginum** þannig að börnin gætu gengið í hús og sungið fyrir nágranna sína í von um einhverskonar góðgæti að launum.

Foreldrafélagið heldur úti virkri **Facebook-síðu** og deilir þar áhugaverðum og skemmtilegum hlutum ásamt fréttum af starfseminni. Vel er tekið á móti öllum ábendingum og hugmyndum og eru foreldrar hvattir til að hafa samband ef eitthvað er. Hægt er að senda skilaboð á Facebook-síðunni eða tölvupóst á *foreldrafelag.holabrekkuskoli@gmail.com*.

9.5 Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf

Valdir eru tveir eða fleiri bekkjarfulltrúar foreldra í hverjum bekk. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda utan um og koma að skipulagningu bekkjarstarfs með það að markmiði að styrkja samskipti og vináttu innan bekkjardeilda ásamt því að styrkja samband á milli foreldra í hópnum. Bekkjarfulltrúar og umsjónarkennarar eru í virku og góðu sambandi.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að vera tengiliðir og verkstjórar, þeir:

- taka þátt í starfi foreldrafélagsins og virkja aðra foreldra til samstarfs
- skipuleggja bekkjarskemmtun utan skólatíma til að nemendur og foreldrar hittist
- skipuleggja vinahópa
- skipuleggja heimsóknir foreldra í bekki einu sinni á skólaári í samráði við kennara
- skapa vettvang fyrir foreldra til að hittast og kynnast
- mæta á aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn er í byrjun skólaárs

10. Nemendafélag skóla

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Sbr. lög um grunnskóla

Stjórn nemendafélags Hólabrekkuskóla 2026 - 2027

Alba Morina
Anna Ngoc Bao Nguyen
Ariana Kacinskyté
Artem Tishkin
Ásrún Sæland Einarsdóttir
Bjarnveig Sara Granz
Dité Maria Sarkauskaité
Emilia Modzelewska
Isabella Íris Aba Idun
Kristbjörg Arna Arnarsdóttir
Maja Krysinska
Mark Liutyi
Sara Karen Sigurðardóttir
Sigríður Sonja Róbertsdóttir
Soffía Marey Guðjónsdóttir
Viktoría Rós Gísladóttir

Viðburðir og félagsstarf 2026 - 2027

FÉLAGSSTARF HÓLÓ 2026-2027

Alla & Arna félagsstarfskennarar

SEPTEMBER

30. Opnunarball (+ miðstigsball)

OKTÓBER

21. Snúðakaffi
22. -26. Vetrarleyfi
27. - 30. Þemadagar
28. Hrekkjavökuball

NÓVEMBER

Skrekkur
18. Kózý kvöld & Feluleikur

DESEMBER

14. - 17. Kósýdagar
16. Jólaball í Hóló
17. Snúðakaffi

Jólaleyfi

JANÚAR

20. Nýjárskózý með Among us/Escape rooms

FEBRÚAR

17. Kærleiksball í Hóló (+ miðstigsball)
20. -23. Vetrarleyfi

MARS

15.-19. Þemavika í Hóló
18. Árshátíð í Hóló

Páskaleyfi

APRÍL

14. Gleðiball/Gleðikvöld
Íþróttamót/Útileikir???

MAÍ

12. Vatnsstríð á skólalóð (16.00-18.00)
26. Lokaball í Hóló (+ miðstigsball)

Útskriftarferð 10. bekkjar

JÚNÍ

1. Sumargleði
3. Hólóleikar
4. Íþróttahátíð

Útivistardagar, útskrift & Sumarleyfi

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR!!!

11. Skólareglur og skólabragur

11.1 Uppeldi til ábyrgðar

Skólastefnan okkar; Uppbyggingarstefnan / Uppeldi til ábyrgðar (UTÁ) byggir á jákvæðum leiðum þar sem markvisst er unnið með verkfæri sem kenna nemendum uppbyggileg og jákvæð samskipti. Áhersla er að að einstaklingur beri ábyrgð á eigin hegðun og þeim afleiðingum sem af henni hljótast. Sjá má nánari upplýsingar um stefnuna hér.

11.2 Skólareglur

Skólareglur Hólabrekkuskóla

1. Nemendur og aðstandendur þeirra bera sameiginlega ábyrgð á náminu og sýna námi annarra virðingu.
2. Nemendur ganga vel um skólann, eigur sínar og annarra.
3. Nemendur mæta stundvíslega í skólann og fara eftir leiðsögn kennara og annarra starfsmanna.
4. Nemendur hafa með sér hollt og gott nesti og sýna snyrtimennsku við neyslu matar og drykkjar. Sælgæti, kex, gos og orkudrykkir eru ekki leyfilegir.
5. Nemendur sýna kurteisi, tillitssemi og bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
6. Nemendur virða reglur í kennslustofum og virða einnig hlutverk sín og hlutverk annarra. Bekkjarsáttmáli gildir hvar sem nemendur eru.
7. Nemendur eru símalausir á skólatíma, frá opnun kl. 8:00 til lokunar skólans kl. 16:00.
8. Nemendur nota ekki rafrettur, tóbak, áfengi eða fíkniefni í skólanum eða hvar sem þeir eru á vegum skólans.
9. Nemendur fylgja reglum um notkun reiðhjóla, hlaupahjóla, línuskauta, hjólaskóa, hjólabretta og raf-/vélknúinna tækja í skólanum og á skólalóð.


virðing gleði umhyggja

11.3 Viðurlög við brotum á skólareglum

Ný samræmd viðmið um skólasókn tóku gildi nú í haust 2026, samræmdar fyrir grunnskóla höfuðborgarsvæðisins. Hólabrekkuskóli mun framvegis vinna eftir þessum viðmiðum og samræmdum verklagsreglum.



Viðbrögð við broti á skólareglum 1. – 10. bekkur



Reykjavíkurborg hefur mótað verklagsreglur varðandi **þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda.**

Markmið þessara verklagsreglna er að:


- Benda á ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur.

- Skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

Ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið er unnið eftir 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 hér.

Leiðbeinandi heimalestrarviðmið 1. – 10. bekkur

Verkferill



11.4 Skólabragur

Leiðarljós Hólabrekkuskóla; virðing – gleði – umhyggja ásamt skólastefnunni; Uppbyggingastefnan - Uppeldi til ábyrgðar/ UTÁ tekur til allra þátta skólastarfsins.

Til þess að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsællega þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum. Nemendur eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og samfélagið. Markmiðið er samkennd og virðing, færni í mannlegum samskiptum og aukinn skilningur.

Ávallt er leitast við að styrkja samkennd og samstarf starfsfólks, nemenda og foreldra. Einnig hefur skólinn þá framtíðarsýn að nýta menningarrætur sínar og halda í heiðri ýmsum hefðum sem hafa unnið sér sess í sögu skólans en um leið skapa nýjar hefðir fyrir komandi kynslóðir. Með markvissum hætti er sífellt reynt að nýta auðinn í grenndarsamfélaginu til að endurnýja og styrkja skólastarfið.

12. Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið

Helstu upplýsingar

Skólastjóri: Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, lovisa.gudrun.olafsdottir@reykjavik.is
Aðstoðarskólastjóri: Guðbjörg Oddsdóttir, gudbjorg.oddsdottir01@reykjavik.is
Deildarstjóri yngra stigs: Hjördís Þórðardóttir, netfang: hjordis.thordardottir@reykjavik.is
Deildarstjóri miðstigs: Brynja Þórsdóttir, netfang: brynja.thorsdottir@reykjavik.is
Deildarstjóri eldra stigs: Margrét Ingadóttir, netfang: margret.ingadottir@reykjavik.is
Deildarstjóri verkefna: Heiða Berta Guðmundsdóttir: heida.berta.gudmundsdottir@reykavik.is
Deildarstjóri læsis: Sólveig Edda Ingvarsdóttir, netfang: solveig.edda.ingvarsdottir@reykjavik.is

Umsjónarmaður fasteigna: Baldur Örlygsson, netfang: baldur.orlygsson@reykjavik.is
Náms- og starfsráðgjafi: Kristjana Þrastardóttir, netfang: kristjana.thrastardottir@reykjavik.is og Íris Hrund Hauksdóttir, iris.hrund.hauksdottir@reykjavik.is (leyfi til áramóta)

Opnunartími skrifstofu

Skrifstofa skólans er opin daglega frá kl. 08:00 – 12:00 og 12:30 - 15:00. Á skrifstofunni má fá allar upplýsingar um skólastarfið, einnig bendum við á heimasíðu skólans, https://holabrekkuskoli.reykjavik.is/
Skólaritari er Katrín Kristín Hallgrímsdóttir,
katrin.kristin.hallgrimsdottir@reykjavik.is

Símanúmer og netfang skólans

Suðurhólum 10, 111 Reykjavík.
Sími: 411 7550
Netfang: holabrekkuskoli@reykjavik.is
Heimasíða: https://holabrekkuskoli.reykjavik.is/

Heimasíða

Á heimasíðu Hólabrekkuskóla holabrekkuskoli.reykjavik.is má m.a. finna almennar upplýsingar um skólastarfið, starfsáætlun, skóladagatal hér

Forfalla tilkynningar (veikindi/leyfi)

Allar forfalla tilkynningar skulu foreldrar tilkynna strax að morgni í síma 411-7550, mikilvægt að nemendur séu tilkynntir fyrir kl. 08:40.

- ✔ Í Mentor er opið fyrir foreldra að skrá veikindi barna sinna í heilum dögum og leyfi fyrir einstaka tíma í Mentor – mentor.is

Tilkynna þarf nemandann daglega þegar um veikindi er að ræða. Þurfi nemandi að vera fjarverandi í tvo daga eða lengur af öðrum ástæðum en vegna veikinda, skulu foreldrar sækja um leyfi skriflega og fá samþykki umsjónarkennara og skólastjórnanda. Eyðublöð fást á skrifstofu og heimasíðu skólans sjá hér.
Öll röskun á námi nemenda sem hlýst af fjarveru hans er á ábyrgð forráðamanna. Sé nemandi ítrekað frá kennslu vegna veikinda, þó um skamman tíma sé að ræða hverju sinni, getur skólinn krafist læknisvottorðs. Einnig getur skólinn farið fram á að fá læknisvottorð sé nemandi veikur lengur en 5 daga samfellt.

Skólinn vill vinsamlegast biðja foreldra um að hafa börn heima þar til þið treystið þeim út í frímínútur, þetta á við um nemendur í 1. – 7. bekk, því nemendur fá ekki að vera inni í frímínútum nema í undantekningartilfellum.

Viðtalstímar kennara

Foreldrar geta ávallt haft samband við kennara með tölvupósti eða skilið eftir skilaboð á skrifstofu skólans og því eru engir fastir viðtalstímar.

Mötuneyti

Allir nemendur í grunnskólum borgarinnar hafa aðgang að hádegismat í skólanum. Matseðill er birtur á heimasíðu Skólamatar www.skolamatur.is

Frá og með hausti 2024 eru skólamáltíðir í grunnskólum Reykjavíkur gjaldfrjálsar. En allir foreldrar þurfa samt sem áður að skrá börn sín í mat á heimasíðu Skólamatar.

Nesti

Áhersla er lögð á hollt nesti í Hólabrekkuskóla með það að markmiði að nemendur fái orku og gott úthald. Hollt og gott nesti er t.d. ávextir, grænmeti eða brauð með hollu áleggi. Eini drykkurinn sem nemendur mega koma með í skólann er vatn. Vatn er besti svaladrykkurinn og auk þess er hann orkulaus og skemmir ekki tennur.

Frímínútur – gæsla

Nemendur í 1. - 7. bekk eru úti í tvískiptum frímínútum. Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og kennarar skiptast á að sinna gæslu á leiksvæði í frímínútum og klæðast þeir áberandi yfirhöfnum eða vestum. Nemendur í 8. - 10. bekk mega vera inni í frímínútum og fylgjast skólastarfsmenn með þeim.

Ofnæmismál - hnetur og kiwi



Í flestum skólum er einhver með bráðaofnæmi, ýmist börn eða starfsfólk. Bráðaofnæmi eru skjót og lífshættuleg ofnæmisviðbrögð þar sem ofnæmisvaldurinn er oftast fæða, lyf eða skordýrabit. Af þessum ástæðum er Hólabrekkuskóli hnetu- og kiwi frír skóli. Í því fellst að matur innan skólans

innihaldi ekki hnetur að neinni gerð, hvorki jarðhnetur eða trjáhnetur (pekanhnetur, kasjúhnetur, möndlur o.fl.). Einnig er af sömu ástæðum ekki höndlað með eða boðið upp á kiwi í skólanum.

Við mælumst því til þess, kæru foreldrar, að skólanesti barnanna ykkar innihaldi ekki hnetur eða kiwi. Hafa skal í huga að hnetur leynast í mörgu svo sem hnetusmjöri, hnetujógúrt, ýmsu bakarísbrauði, satay-sósu o.s.frv.

Fyrirspurnum og ábendingum má beina til skólahjúkrunarfræðings.

Skólakór Hólabrekkuskóla

Skólakór Hólabrekkuskóla starfar undir stjórn Diljár Sigursveinsdóttur og er nemendum í 3. – 7. bekk boðin þátttaka. Kóræfingar eru á skólatíma, þriðjudaga kl. 9:10 – 9:50.

Kórinn tekur þátt í ýmsum viðburðum eins og Degi íslenskrar tungu, aðventuhátíð barnanna í Fella- og Hólakirkju, aðventuhátíðinni Jól á torginu, jólaskemmtunum Hólabrekkuskóla, syngja á bóndadaginn og við útskriftarathöfn 10. bekkjar Hólabrekkuskóla. Kórinn tekur jafnframt þátt í Barnamenningarhátíð.

Fatnaður og óskilamunir

Á hverjum degi gleymist eitthvað í skólanum sem nemendur eiga, t.d. lyklar, húfur og vettlingar. Mikilvægt er að foreldrar merki vel allan fatnað. Tapaður fatnaður er flokkaður og varðveittur hjá skólaliðum en lyklar, símar og skartgripir á skrifstofu skólans. Við upphaf nýs skólaárs eru munir sem enginn hefur spurst fyrir um sendir til Rauða krossins.

Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa

Reglur um endurgreiðslur vegna slysa og tjóna er nemendur verða fyrir á skólatíma:

- Reykjavíkurborg greiðir kostnað vegna flutnings barns með sjúkrabifreið og komugjald vegna fyrstu heimsóknar á slysa- og bráðadeild, þegar barn verður fyrir slysi.
- Reikningar vegna stoðtækja eru ekki greiddir.



- Tjón á eigum nemenda, s.s. fatnaði, gleraugum o.þ.h. er ekki bætt nema það verði rakið til mistaka starfsmanna skólans eða vegna vanbúnaðar skólahúsnæðis.
- Tannviðgerðir á börnum tilkomnar vegna slysa í skóla eða á skólalóð eru endurgreiddar foreldrum/-forráðamönnum að hluta af Tryggingastofnun ríkisins. Fjölskyldutryggingar tryggingafélaga greiða almennt einnig hluta af tannviðgerðum barna. Það sem eftir stendur greiðir borgarsjóður, þó ekki hærri upphæð en kr. 100.000,- vegna einstaks slyss. Heimilt er að semja um að kostnaðarþátttaka Reykjavíkurborgar vegna tannviðgerða sem eru afleiðing slyss í grunnskóla gildi í allt að 3 ár eftir að grunnskóla lýkur. Samning þennan skal gera eigi síðar en 6 mánuðum eftir slys. Reglurnar gilda frá og með 1. apríl 2008

Íþróttir og sund

Íþróttahús og sundlaug eru staðsett við Austurberg. Yngstu nemendur fá fylgd í og úr sundi og íþróttum.

Nemendur í 1. - 3. bekk þurfa ekki að vera með sérstök íþróttaföt. Mælt er með að nemendur séu berfættir eða í gripsokkum. Gallabuxur eru ekki leyfilegur íþróttafatnaður.

Nemendur í 4. - 10. bekk þurfa að vera með íþróttaföt til skiptanna og hafa fataskipti í búningsklefum. Íþróttaföt eru t.d. stuttbuxur, leggings, íþróttabuxur og stuttermabolur. Gallabuxur eru ekki leyfilegur íþróttafatnaður. Mælt er með íþróttaskóm en þeir mega ekki lita parketið.



- Nemendur geta valið um það hvort þeir fari í sturtu eftir íþróttatíma.

- Allar undanþágur í íþróttum verða að fara í gegnum náms- og starfsráðgjafa. Ef nemandi getur ekki tekið þátt í tíma verður hann að koma með miða frá foreldrum eða foreldrar láta vita strax að morgni og tilkynna leyfi fyrir nemandann.

Umgengni við tölvukost skólans

Mikilvægt er að nemendur umgangist tölvubúnað skólans með viðeigandi hætti.

Nemendur:

- Tengjast einungis tölvubúnaði skólans með því notandanafni sem þeir hafa fengið úthlutað.
- Nota aðgang að neti skólans einungis til þess að komast inn á net eða tölvur skólans.

Nemendur mega ekki:

- Breyta vinnuumhverfi á tölvum skólans þannig að það hafi áhrif á umhverfi og notkunar-möguleika annarra notenda.
- Breyta, afrita eða fjarlægja vélbúnað, hugbúnað eða gögn sem eru í eigu skólans.
- Setja inn hugbúnað á tölvur skólans án samþykkis kennara eða tölvuumsjónarmanns.
- Senda keðjubréf og annan ruslpóst.
- Sækja, senda, geyma eða nota á neti eða tölvum skólans forrit sem ætluð eru til innbrota eða annarra skemmdarverka.
- Senda, sækja eða geyma efni sem er ólöglegt eða bersýnilega grefur undan almannaheill. Sem dæmi má nefna klám eða annað efni sem er einungis til að niðurlægja aðra, sem og kynþátta-, hryðjuverka- og/eða ofbeldisáróður.
- Nota spjallrásir nema undir stjórn kennara.

Vettvangsferðir og skólaferðalög

Vettvangsferðir eru ýmist á vegum skólans og/eða foreldra. Stundum eru gistináttaferðir og útskriftarferð 10. bekkja í höndum foreldra og félagsstarfskennara. Oft eru farnar stuttar vettvangsferðir í grenndarsamfélaginu og/eða innan borgarinnar.

Nemendaskráning / Móttaka nýrra nemenda

Foreldri innritar nemanda í gegnum island.is eða hefur samband við skrifstofu skólans í síma 411 7550. Starfsmenn taka á móti nýjum nemendum og veita upplýsingar um skólastarfið og sýna skólann eftir þörfum. Deildarstjóri velur bekk fyrir nemanda og boðar fund með nemandanum, forráðamönnum og nýjum umsjónarkennara, eftir því sem við á í hverju tilviki fyrir sig. Nemandi og foreldrar veita skólanum upplýsingar. Skólinn aflar frekari upplýsinga um nemandann út frá rafrænni skráningu t.d. um ofnæmi, greiningar, sjúkdóma og fatlanir. Foreldrar og nemandi veita skólanum upplýsingar t.d. um áhugasvið, styrkleika, fjölskyldu og vini.
Nemendur sem byrja í 1. bekk eru boðaðir símleiðis til einkaviðtala foreldra, nemenda og umsjónarkennara. Samtölin fara fram fyrstu tvo skóladagana á nýju skólaári í ágúst.

Myndataka

Á hverju ári eru teknar myndir af nemendum í 1., 7. og 10. bekk skólans. Nemendum býðst að kaupa þessar myndir, póstur er sendur til foreldra. Að auki fær skólinn eintak af öllum myndunum til eignar.

Mentor / skráningar- og upplýsingakerfi

Í Hólabrekkuskóla er skráninga- og upplýsingakerfið Mentor (www.mentor.is) notað til upplýsingamiðlunar. Foreldrar og/eða nemendur geta skráð sig inn á vefinn með lykilorði og fá þá aðgang að sérstakri heimasíðu fjölskyldunnar. Upplýsingar um öll börn viðkomandi heimilis birtast á síðunni, hvort sem þau eru í leikskóla eða grunnskóla. Á mentor.is geta foreldrar séð dagskrá barna sinna, ástundun, námsáætlanir, heimavinnu, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal og fleira. Foreldrar geta skráð inn veikindi/forfallaskráningu (heila daga) fyrir börn sín. Upplýsingar um ástundun nemenda eru sendar foreldrum reglulega í gegnum kerfið auk þess sem foreldrar geta skráð fylgst með ástundun barna sinna dag frá degi. Mentor.is er aðgengilegt í gegnum heimasíðu skólans, holabrekkuskoli.is.

Bókasafn

Á bókasafni Hólbrekkuskóla er lögð áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi og passað upp á að eiga nokkur eintök af vinsælustu bókunum svo bið nemenda eftir þeim styttist. Einnig er lögð áhersla á að bjóða upp á bækur á sem flestum tungumálum og eru starfsmenn hvattir til að færa safninu bók að gjöf

þegar þeir koma erlendis frá. Bókasafn skólans stendur fyrir ýmsum lestrar hvetjandi verkefnum á hverju skólaári.

(skólaárið 2026-2027 er bókasafnið lokað vegna breytinga á húsnæði skólans).



Bókasafnið leitast eftir að eiga bækur á sem flestum tungumálum og hvetur starfsmenn til að færa safninu bók þegar þeir koma erlendis frá. (skólaárið 2026-2027 er bókasafnið lokað vegna breytinga á húsnæði skólans)


13. Heildstæð skólastefna – heildræn nálgun

Heildaráætlun Hólabrekkuskóla endurspeglar skólastefnu skólans og byggir á grunnþáttum menntastefnunar *Látum draumana rætast* og *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*. Í Hólabrekkuskóla er litið á *Heildaráætlun um stuðning við fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir* sem heildaráætlun fyrir alla nemendur skólans. Ávallt er haft að leiðarljósi að koma til móts við alla nemendur í skóla án aðgreiningar.




Kennsluaðferðir skólans byggja á gagnreyndum aðferðum sem nýtast öllum nemendum hvort heldur sem er í stoðþjónustu eða inni í bekk. Unnið er í anda skóla án aðgreiningar og áhersla lögð á heildstæða nálgun þar sem þarfir nemandans eru í fyrirrúmi.

- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun sem felst í að greina námsstöðu nemenda snemma á skólagöngunni og koma með viðeigandi inngrip í kjölfarið.
- Í öllum árgöngum eru lagðar fyrir kannanir til að kanna námsstöðu og líðan.
- Megináhersla er lögð á læsi, félagsfærni og sterka sjálfsmynd nemenda.



Hringferli er kennsluaðferð sem nefnd er: „Allir brosa á sama tungumáli“. Aðferðin hentar vel í fjölbreyttum nemendahópi ásamt aðferðum K-PALS/G-PALS -/PALS.



Aðferðafræði „Allir brosa á sama tungumáli“ felst í að efla orðaforða og þekkingu nemenda í 1. og 2. bekk á markvissan hátt. Hljóðainnlögn og vinna með orð fléttast saman. Unnið er með aðferðina inni í bekkjum og í minni hópum í stoðþjónustu.

Í skólanum er unnið er samkvæmt ákveðnu vikuskipulagi í stoðþjónustunni og í bekkjunum/ hópunum og unnið með alla þættina daglega, sjá hér:





13.1 Einstaklingsnámskrá / Einstaklingsáætlun

Ef nemandi fylgir ekki námsáætlun árgangs er gerð fyrir hann einstaklingsnámskrá, námsleg og/eða félagsleg. Komið er til móts við nemandann t.d. með sjónrænu skipulagi, aðlögun námsumhverfis og námsgagna, félagsfærnisögum, ART námskeiði, Cat-kassanum, námskeiðum hjá sérkennara, og/eða náms- og starfsráðgjafa. Gerð einstaklingsnámskráa er á ábyrgð umsjónarkennara í samvinnu við stoðþjónustuteymi skólans og foreldra. Í einstaklingsnámskrá kemur fram staða nemanda, kennsluhættir og námsmat.

13.2 Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi styður við nemendur og liðsinnir þeim í málum er snerta nám þeirra. Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við stjórnendur skólans, kennara og foreldra. Hann hefur samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan og utan skólans og vísar málum nemenda til þeirra eftir því sem við á. Náms- og starfsráðgjafi er í nemendaverndarráði og situr teymisfundi vegna einstakra nemenda sé þess óskað. Náms- og starfsráðgjafi er bundinn trúnaði varðandi málefni nemenda sem til hans leita.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:

- Að veita ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda.
- Náms- og starfsfræðsla fyrir nemendur á unglingastigi.
- Efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi.
- Að leiðbeina nemendum um skipulögð vinnubrögð í námi.
- Að veita persónulega ráðgjöf, bæði í formi einstaklings- og hópráðgjafar t.d. vegna námstækni og gengi nemenda í skólanum.

Nemendum og foreldrum er velkomið að leita til náms- og starfsráðgjafa og fá viðtöl eftir samkomulagi.
Náms- og starfsráðgjafi skólans er Kristjana Þrastardóttir netfang: kristjana.thrastardottir@reykjavik.is og frá janúar Íris Hrund Hauksdóttir netfang: iris.hrund.hauksdottir@reykjavik.is.

13.3 Atvinnutengt nám

Hólabrekkuskóli tekur þátt í verkefninu *Atvinnutengt nám* en það er tilboð fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur sem hentar að stunda

verklegt nám. Verkefninu er ætlað að stuðla að vellíðan nemenda og gefa þeim tækifæri til þess að kynnast atvinnulífinu. Verkefnið styður við hugmyndina um einstaklingsmiðað nám og veitir nemendum tækifæri til að vinna með styrkleika sína. Reynslan sýnir að verkefnið eflir sjálfstraust og áhuga nemenda til frekara náms. Sérstök stundatafla er útbúin fyrir hvern nemanda með tilliti til atvinnuþátttökunnar. Að verkefninu standa Skóla - og frístundasvið, velferðarsvið, Suðurmiðstöð og náms- og starfsráðgjafar. Reykjavíkurborg sér um að greiða nemendum laun og eru ýmis fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu.

Náms- og starfsráðgjafi heldur utan um nemendur sem eru í atvinnutengdu námi í Hólabrekkuskóla.

Starfamessa

Í Hólabrekkuskóla var reglulega haldin Starfamessa fyrir nemendur á eldra stigi. Starfamessan fólst í því að foreldrar og aðrir hollvinir skólans kynna störf sín fyrir nemendum. Þátttaka hefur verið góð og allir lagt mikla vinnu í að undirbúa kynningar og ýmis gögn til að sýna nemendum. *Vegna húsnæðismála hefur starfamessa legið í dvala, en til stendur að endurvekja hana veturinn 2026 – 2027.*

13.4 Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna hafa tekið gildi. Markmiðið er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins, svo sem í leikskóla eða grunnskóla. Tengiliður farsældar veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu og stuðlar að því að börn og forsjáraðilar hafi aðgang að þjónustu án hindrana. Til að óska eftir samþættri þjónustu geta börn, ungmenni og forsjáraðilar haft samband við tengilið farsældar.

Tengiliðir farsældar í Hólabrekkuskóla eru Kristjana Þrastardóttir kristjana.thrastardottir@reykjavik.is og Íris Hrund Hauksdóttir iris.hrund.hauksdottir@reykjavik.is, náms- og starfsráðgjafar. Nánari upplýsingar um lögin og þjónustuna eru á heimasíðunni farsaeldbarna.is

13.5 Nemendaverndarráð / Lausnateymi

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð eru fyrir ráðið. Í ráðinu sitja:

Frá Hólabrekkuskóla

- Skólastjóri
- Aðstoðarskólastjóri
- Deildarstjóri yngsta stigs
- Deildarstjóri miðstigs
- Deildarstjóri elsta stigs
- Náms- og starfsráðgjafi

Frá skólaheilsugæslu

- Skólahjúkrunarfræðingur

Tenglar frá Suðurmiðstöð

- Félagsráðgjafi
- Hegðunarráðgjafi
- Sálfræðingur
- Talmeinafræðingur



Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu auk þess að vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Fulltrúar í nemendaverndarráði hafa frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp.

Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðiþjónustu skólans geta óskað eftir að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir. Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur.

Fulltrúar nemendaverndarráðs geta fundað með óformlegum hætti til að ræða um hvort taka skuli einstaka mál fyrir formlega. Telji nefndarmenn ástæðu til að fjalla á formlegan hátt um einstaka mál skal vísa málinu til ráðsins eftir þeim verklagsreglum sem að framan eru taldar. Að öðru leyti vísast í lög og reglugerðir sem snerta starfsemi nemendaverndarráðs.

Í lausnateymi Hólabrekkuskóla er áhersla á þverfaglega lausnaleit á ýmsu sem kemur upp í nemendahópum og hjá einstaka nemendum. Umsjónarkennarar geta vísað málum til lausnateymis, auk fulltrúa frá frístund og félagsmiðstöð.

Í lausnateymi sitja:

Frá Hólabrekkuskóla

- Stjórnandi teymis
- Deildarstjórar allra stiga
- Kennari í stoðþjónustu

Tenglar frá Suðurmiðstöð

Hegðunarráðgjafi

Tenglar frá frístund og félagsmiðstöð 111

13.6 Heilsuvernd skólabarna

Skólaheilsugæslan er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi skólaheilsugæslunnar er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Þjónusta heilsuverndar skólabarna er skráð í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar.

Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, *heilbrigðisfræðsla, skimanir og bólusetningar.* Unnið er samkvæmt leiðbeiningum Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu um heilsuvernd grunnskólabarna. Frekari upplýsingar um heilsuvernd skólabarna má finna á heilsuveru.

Skólahjúkrunarfræðingur er Kristín Auður Halldórsdóttir og er viðverutími eftirfarandi:

Mánudagar kl. 8:30 - 16:00

Miðvikudagar kl. 8:30 - 16:00

Fimmtudagar kl. 8:30 - 16:00

Föstudagar kl. 8:30 - 14:45

Netfang hjúkrunarfræðings er: holabrekkuskoli@heilsugaeslan.is og sími: 411 7550

Veikindi og slys á skólatíma

Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæsluna eða slysadeild skulu forsjáraðilar fara

með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í þá á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af heilsuvernd skólabarna.

Langveik börn

því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. hjartasjúkdóma, sykursýki, bráðaofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingur í heilsuvernd skólabarna viti af börnum sem eru með fötlun eða langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingarsjúkdóma eða aðra alvarlegra sjúkdóma. Hlutverk hjúkrunarfræðingsins í heilsuvernd skólabarna er að skapa þessum börnum viðeigandi aðstæður og umönnun í skólanum í samvinnu við foreldra og starfsfólk skólans.

Lyfjagjafir

Samkvæmt tilmælum landlæknis um lyfjagjafir í grunnskólum eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Mikilvægt er að foreldrar barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma hafi samband við hjúkrunarfræðing skólans.

Tannfræðsla og tannvernd

Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri fræðslu um tannheilsu og tannvernd í 1., 4. og 7. bekk.

Samningur milli Tannlæknafélags Íslands og Sjúkratrygginga tryggir börnum undir 18 ára aldri gjaldfrjálsar tannlækningar fyrir utan 2500 kr. árlegt komugjald. Forsenda greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga er að barnið hafi skráðan heimilistannlækni. Foreldrar bera ábyrgð á skráningunni í Réttindagátt Sjúkratrygginga. Skólahjúkrunarfræðingur fylgist með skráningu heimilistannlækna, upplýsir foreldra um gjaldfrjálsar tannlækningar og hvetur foreldra til að skrá heimilistannlækni.

Nánari upplýsingar má finna á vef Sjúkratrygginga Íslands, sjukra.is.

Sjúkrakennsla

Nemandi sem ekki getur sótt skóla vegna alvarlegs sjúkdóms/slyss fær svokallaða sjúkrakennslu, eina kennslustund á dag á skólatíma.

13.7 Sérfræðiþjónusta

Meginmarkmið skólaþjónustu er að veita börnum, fjölskyldum og skólum heildstæða og fjölbreytta ráðgjöf til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Ráðgjöfin er þverfagleg og miðar að því að efla skóla sem faglegar stofnanir. Ráðgjöf skólaþjónustu nær til barna, fjölskyldna og starfsmanna skóla og felur meðal annars í sér ráðgjöf vegna umönnunar, kennslu og náms barna með sérþarfir.

Í Breiðholti er unnið samkvæmt verklagi sem kveðið er á um í *Betri borg fyrir börn* um náið þverfaglegt samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Skólaþjónusta hverfisins er í þróun með það að markmiði að mæta þörfum barna, fjölskyldna og skóla enn betur með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi.

Ef sækja á um þjónustu sálfræðings fyrir nemanda þá vísar umsjónarkennari/kennari málinu til lausnateymis með formlegri tilvísun. Ef þurfa þykir, vísar lausnateymi málum til nemendaverndarráðs í samráði við foreldra. Allar tilvísanir og beiðnir um aðstoð eru kynntar og ræddar á fundum nemendaverndarráðs. Sálfræðingur situr í nemendaverndarráði og veitir ráðgjöf varðandi mál sem upp kunna að koma í skólanum. Hann sinnir skimun og greiningum á nemendum með samþykki foreldra.

Hegðunarráðgjafi situr í lausnateymi og sinnir ráðgjöf um hegðun og/eða sértæka aðstoð við nemendur. Hegðunarráðgjöf felur einnig í sér ráðgjöf til starfsfólks.

Félagsráðgjafi situr í nemendaverndarráði skólans og kemur að stuðningi og ráðgjöf sem lýtur að nemandanum.

Talmeinafræðingur situr í nemendaverndarráði og sinnir ráðgjöf til foreldra og starfsmanna, sinnir skimun og greiningum á nemendum með málþroskavanda og þjálfun nemenda sem falla undir þjónustu talmeinafræðinga borgarinnar.

Þverfaglegt teymi ráðgjafa er við alla leik- og grunnskóla. Hver skóli hefur greiðan aðgang að félagsráðgjafa, kennsluráðgjafa og/eða sérkennsluráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og hegðunarráðgjafa.

Senter er miðlægt viðbragð við áhættuhegðun barna og unglinga í Breiðholti. Úrræðið er samvinnuverkefni Skóla, frístunda og velferðarþjónustu, Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, Grunnskólanna í Breiðholti og íþrótta- og

tómstundastarfi í nærumhverfi. Verkefnið miðar af því að mæta flóknum bráðavanda sem upp kemur meðal barna, með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Þverfaglegt teymi skipað lykilstarfsfólki áðurnefndra stofnanna auk teymisstjóra og verkefnastjóra eru skipuð fyrir hvert mál. Í samstarfi við barn er einstaklingsmiðuð þarfagreining og aðgerðaráætlun sett fram með það markmið að taka á vandanum með gagnvirku samstarfi. Teymisstjóri sinnir persónulegum stuðningi við barn í gegnum inngripið. Teymisfulltrúar bera ábyrgð á vissum verkþáttum innan áætlunarinnar sem fram fer innan þeirra stofnanna. Stöðufundir er haldnir reglulega til að tryggja að áætlun sé fylgt og aðgerðarþættir séu virkir innan allra stofnanna. Með slíku verklagi er hægt að eyða hindrunum sem verið hafa til staðar og hægt að veita unglingum í vanda þjónustu án biðlista.

Tengiliðir við Hólabrekkuskóla

Deildarstjóri skrifstofu grunnskólamála er Eysteinn Þór Kristinsson eysteinn.thor.kristinsson@reykjavik.is , fyrir grunnskóla.

Sérúrræði Í Reykjavík starfa farteymi sem eru staðsett á miðstöðvum. Farteymin koma skólum til aðstoðar og veita handleiðslu þegar upp koma alvarleg tilvik hegðunarvanda barna sem starfsfólki skóla hefur ekki tekist að finna lausn á með aðkomu skólaþjónustu eða annarra ráðgefandi aðila. Starfsmenn farteyma vinna annars vegar á vettvangi barnsins í skóla og hins vegar með barni utan skóla. Megináhersla er lögð á ráðgjöf og handleiðslu innan skóla og að finna lausnir í daglegum aðstæðum barns. Ávallt er unnið í samstarfi við foreldra.

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra, félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla 585/2010).

Reykjavíkurborg hefur komið á fót úrræði til þess að mæta nemendum vegna námsörðugleika, tilfinningalegra og/eða félagslegra erfiðleika.

1. stigs inngrip - Hegðunarráðgjafi

Hegðunarráðgjafar á miðstöðvum eru fyrir grunnskólanna sem 1. stigs inngrip til að vinna með nemendum, foreldrum og starfsfólki að lausn hegðunarvanda. Hegðunarráðgjafi situr í nemendaverndarráði /lausnateymi skólanna.

2. stigs inngrip - Farteymi

Í Reykjavík starfa farteymi sem eru staðsett á miðstöðvum. Farteymin koma skólum til aðstoðar og veita handleiðslu þegar upp koma alvarleg tilvik hegðunarvanda barna sem starfsfólki skóla hefur ekki tekist að finna lausn á með aðkomu skólaþjónustu eða annarra ráðgefandi aðila.

Starfsmenn farteyma vinna annars vegar á vettvangi barnsins í skóla og hins vegar með barni utan skóla. Megináhersla er lögð á ráðgjöf og handleiðslu innan skóla og að finna lausnir í daglegum aðstæðum barns. Ávallt er unnið í samstarfi við foreldra.

3. stigs inngrip Brúarskóli

Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði þar sem kennslan er einstaklingsmiðuð í samræmi við námslega stöðu og getu hvers nemanda. Hann er skóli fyrir börn sem eiga í alvarlegum geðrænum-, hegðunar eða félagslegum erfiðleikum. Foreldrar sækja um skólavist í Brúarskóla í samvinnu við heimaskóla nemenda.

13.8 Miðja máls og læsis / mml

Miðja máls og læsis er þekkingarteymi á vegum Reykjavíkurborgar sem fer á vettvang og veitir kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi mál og læsi. https://mml.reykjavik.is/

13.9 Brúarsmiðir

Brúarsmiðir Miðju máls og læsis bjóða upp á margskonar þjónustu fyrir starfsmenn, nemendur og foreldra um tví- og fjöltyngi í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi. Markmið brúarsmiða er að byggja brú á milli fjöltyngdra barna, foreldra þeirra og starfsmanna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Hlutverk þeirra er:

- Að styðja við íslenskunám barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum. Hjálpa börnum í aðlögun í leik- og grunnskólum. Að börn fái viðeigandi stuðning og handleiðslu við sitt hæfi og jöfn tækifæri til náms. Að börn fái að taka virkan þátt í námssamfélagi, taka framförum og ná árangri í námi. Að virkja tvítyngi barna. Að börn nýti sér þjónustu brúarsmiða.

- Að styðja kennara og starfsmenn SFS. Gefa tækifæri til að kynnast börnum og heimamenningu þeirra. Að kennararnir öðlist meiri menningarnæmi og þekkingu um bakgrunn nemenda. Að kennarar og starfsmenn SFS nýti sér þjónustu brúarsmiða.
- Að styðja foreldra af erlendum uppruna. Að foreldrar séu meðvitaðir um ábyrgð, hlutverk og skyldur sem skólaforeldrar og taki virkan þátt í menntun barna sinna. Að foreldrar nýti sér þjónustu brúarsmiða.

14. Samstarf við grenndarsamfélagið

Samstarf grunnskólanna í Breiðholti er rótgróin og þar má nefna: Sameiginleg símenntun starfsmanna, LÆM-verkefnið - Læsi allra mál, sameiginlegar framhaldsskólakynningar, sameiginleg viðmið um skólasókn og heimalestur, samvinna foreldrafélaganna og samstarfsyfirlýsing grunnskólanna.




Skólarnir gerðu með sér yfirlýsingu um samstarf með hagsmuni nemenda að leiðarljósi sem snertir jafnt nám þeirra, félagslega vellíðan og öryggi. Samstarfið tekur til fjögurra sviða; nemenda, náms og kennslu, mannauðs og grenndarsamfélags.

Læsisstefna Breiðholts

Fyrir um átta árum var farið af stað með *Læsi allra mál* verkefnið í Breiðholti. Verkefnið byggir á samstarfi Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og leik- og grunnskóla hverfisins. Því er ætlað að efla málþroska og læsi barna í hverfinu. Fljótlega eftir að verkefnið fór af stað var ákveðið að búa til sameiginlega læsisstefnu fyrir leik- og grunnskóla Breiðholts.

Læsisstefnan leggur grunn að lærdómssamfélagi um mál og læsi í fjölmenningarlegu skólastarfi með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Forsendur verkefnisins eru þær að allir nemendur geti lært, sýni framfarir og að nám sé heildrænt ferli í þroska þeirra. Skimanir eru gerðar á málþroska og læsi í þágu snemmtækrar íhlutunar á báðum skólastigum. Með því að nota skimanir á málþroska og lestri má bregðast strax við mögulegum vanda. Samkvæmt aðalnámskrám leik og grunnskóla (2011) er meginmarkmið læsis að nemendur taki virkan þátt í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa.



Samstarfsverkefni Sérfræðingateymis í samfélagi sem lærir og grunnskólanna í Breiðholti
um innleiðingu gagnreyndra aðferða í lestri

Markmið verkefnisins er að halda námskeið í K-PALS, PALS fyrir 1. bekk og PALS fyrir 2. - 6. bekk og jafnvel eldri árganga og innleiða aðferðirnar við allagrunnskóla í Breiðholti

Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir (SÍSL) kt. 490817-1120 og grunnskólarnir í Breiðholti, gera með sér samning um að haldin verða námskeið í K-PALS, PALS fyrir 1. bekk og PALS fyrir 2 .- 6. bekk og jafnvel eldri árganga í september 2019.

1.gr.
Verkefni

Verkefnið lýtur að námskeiðahaldi þriggja námskeiða sem SÍSL skuldbindur sig til þess að halda í samstarfi við leik- og grunnskólana í Breiðholtshverfi. Skólarnir fá námskeiðin sér að kostnaðarlausu, en þurfa að greiða fyrir PALS handbækur.

Með undirritun samningsins skuldbinda skólarnir sig til þess að nota PALS aðferðina á réttan hátt til a.m.k. þriggja ára og nota lesfimipróf til þess að meta og skrá framfarir nemenda.

Stefnt er að samstarfi við Háskóla Íslands um rannsóknir í tengslum við notkun aðferðanna. Markmiðið væri þá meðal annars að meta reynslu kennara af aðferðunum og áhrifum þeirra á samvinnu og námsárangur nemenda til að mynda eins og hann birtist á lesfimimati Menntamálastofnunar.

2. gr.
Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. september 2019 til og með 1. september 2021.
Samningur þessi er gerður í margriti og heldur hver samningsaðili eintaki.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Skrifað var undir samstarfsyfirlýsingu sérfræðingateymis í samfélagi sem lærir SÍSL og grunnskólanna í Breiðholti um innleiðingu gagnreyndra aðferða – en þar er Hulda Karen Daníelsdóttir í forsvari.

Grunnskólarnir í Breiðholti gerðu með sér samning um að taka inn K-PALS, PALS og G-PALS í lestrarkennslu til næstu þriggja ára. Hluti samningsins er að SÍSL bíður kennurum upp á námskeið í aðferðinni. Aðferðin byggir á

gagnreyndum aðferðum sem vitað er að skila árangri í lestrarkennslu. Haustið 2026 hófu grunnskólar í Breiðholti og Rimaskóli samstarf um kennslu Starra orðaforða kennsluaðferðarinnar. Innleiðing stendur yfir á haustönn 2026 undir stjórn Hólabrekkuskóla.

Samstarf náms- og starfsráðgjafa í Breiðholti Náms- og starfsráðgjafar í Breiðholtinu eiga saman mánaðarlega fagfundi og er samstarf þeirra fjölþætt. Þeir hafa m.a. skipulagt sameiginlega atburði eins og stóra framhaldsskólakynningu þar sem allir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu komu saman og voru með kynningu fyrir nemendur og foreldra í hverfinu.

Stóra og litla upplestrarkeppnin í 7. og 4. bekk

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk hefst ár hvert á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur í mars með því að valdir eru þrír bestu upplesarar í hverfinu. Í Breiðholti hefur lokakeppnin yfirleitt verið haldin í kirkjum hverfisins undir stjórn Suðurmiðstöðvar.
Ræktunarhlutinn er sá hluti upplestrarkeppninnar sem mestu máli skiptir. Hann miðast við tímabilið frá degi íslenskrar tungu fram í lok febrúar. Þær vikur í skólunum, sem helgaðar eru vönduðum upplestri, eru alfarið í höndum kennara.
Hátíðarhlutinn er það sem kalla mætti hina eiginlegu „keppni“. Hann er í tvennu lagi. Annars vegar er upplestrarhátíð í hverjum skóla í lok febrúar þar sem tveir til þrír nemendur eru valdir til áframhaldandi þátttöku í keppninni fyrir hönd skólans. Hins vegar er lokahátíðin sem haldin er í mars. Þar koma saman fulltrúar skólanna í Breiðholti, þrír úr hverjum skóla, og lesa ljóð og laust mál sem þeir hafa undirbúið vandlega.

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk hefur verið haldin síðustu ár í skólanum en markmið hennar er auka lestrarfærni og bæta upplestur. Undirbúinn upplestur þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember, en þá fer keppnin formlega af stað og er fram í apríl. Allir nemendur eru með í verkefninu og því lýkur formlega með upplestrarhátíð þar sem allir fá afhent viðurkenningarskjal. Litla upplestrarkeppnin er einnig undir stjórn Suðurmiðstöðvar.

Samstarf við leikskóla

Hólabrekkuskóli er í samstarfi við leikskólana Hólaborg,



Hraunborg og Suðurborg. Fulltrúar frá skólastigunum funda árlega og ræða samstarf vetrarins.

Aðlögun væntanlegra nemenda í skólann hefst með því að þeir eru boðnir á sal í Hólabrekkuskóla þegar nemendur í 1. bekk halda skemmtun. Síðar er þeim er boðið í skoðunarferð um skólann og í íþróttahúsið þegar börnin í 1. bekk eru í íþróttum. Eftir áramót er væntanlegum nemendum boðið í heimsókn í kennslustund hjá 1. bekk til að gefa þeim innsýn í skólastarfið. Að vori er væntanlegum nemendum og foreldrum þeirra boðið í skólann. Í haust var foreldrum boðið í heimsókn þar sem þeir fóru í vinnusmiðjur. Sérfræðingar innan og utan skólans voru með erindi um ýmislegt sem ýtt getur undir góða skólabyrjun, málörvun, félagsfærni og fleira í þágu barnanna.
Nemendur í 1. bekk Hólabrekkuskóla fara í tvær heimsóknir í leikskólana. Í fyrri heimsókninni er leikið og lært inni. Síðari heimsóknin er á útivistardögum að vori og leika þá nemendur beggja skólastiganna saman úti á skólalóðum leikskólanna.
Að vori eru skilafundir í Hólabrekkuskóla þar sem fulltrúar leikskólanna veita kennurum og deildarstjóra yngra stigs Hólabrekkuskóla upplýsingar um stöðu væntanlegra nemenda. Yfirmaður frístundaheimilisins Álfheima situr fundina.

Tengiliður skólans við leikskólana í hverfinu er Snædís Vagnsdóttir umsjónarkennari á yngra stigi, snaedis.vagnsdottir@reykjavik.is

Samstarf við framhaldsskóla

Nemendur í 10. bekk fá skipulagðar kynningar á námsframboði framhaldsskólanna. Kynningarnar eru í höndum náms- og starfsráðgjafa skólans.

Hólabrekkuskóli hefur verið í samstarfi við Fjölbrautarskólann við Ármúla þegar nemendur hafa áhuga á að taka framhaldsskólaáfanga með grunnskólanáminu og fá framhaldsskóla einingar.

Stjórnendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Hólabrekkuskóla gera sér jafnframt far um að eiga gott og gagnlegt samstarf nemendum til hagsbóta.

Tónskóli Sigursveins og Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

Hólabrekkuskóli er í samvinnu við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og sér tónskólinn um tónlistarkennslu í 2. bekk og um kórastarf. Hólabrekkuskóli hefur

einnig verið í góðu samstarfi við skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts og hafa kennarar þaðan fengið aðstöðu í skólanum fyrir nemendur á skólatíma.

Fella- og Hólakirkja og önnur trúfélög

Nemendum Hólabrekkuskóla er gefið það svigrúm sem þeir óska eftir til að starfa með kirkjunni og öðrum trú- og lífsskoðunarfélögum, t.d. í tengslum við fermingarfræðslu. Fella- og Hólakirkja tekur tillit til stundaskrár skólans þegar fermingarfræðsla er skipulögð.
Áfallaráð Hólabrekkuskóla leitar iðulega til presta Fella- og Hólakirkju og til Suðurmiðstöðvar þegar nemendur eða skólinn verður fyrir áföllum vegna slysa eða andláts. Skólinn ásamt Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hefur verið í góðu samstarfi við Fella- og Hólakirkju vegna Barnamenningarhátíðar. Skólakórinn syngur í kirkjunni á aðventu.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Stjórnendur Hólabrekkuskóla eiga í samstarfi við lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Lögreglustöðin Dalvegi 18 í Kópavogi (lögreglustöð 3) sinnir verkefnum í Kópavogi og í Breiðholti. Þar eru bæði almennt svið (sólarhringsvaktir-útköll) og rannsóknarsvið.

Samstarf við lögregluna hefur minnkað umtalsvert undanfarin misseri en lögreglan á sæti í SLÖFF, sem eru samráðsfundir í hverfinu, þar koma saman reglulega tengiliðir frá grunnskólunum fimm, Frístundinni, Suðurmiðstöð og lögreglunni.
Samfélagslögreglan tók nýlega til starfa en markmið hennar er að vera sýnileg í skólunum og heimsækja unglingana markvisst til að efla tengsl og vinna að forvörnum.

Íþróttafélagið Leiknir og önnur íþróttafélög

Í gegnum tíðina hefur verið góð samvinna milli Hólabrekkuskóla og íþróttafélaganna í hverfinu en skólinn leggur áherslu á góða samvinnu við öll íþróttafélög.

Frístundastarf

Miðberg - Frístundamiðstöð

Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu starfi fyrir börn og ungmenni frá aldrinum 6 – 16 ára. Markmið Miðbergs er að veita börnum og ungmennum innihaldsríka þjónustu í frítíma þeirra. Mikið er lagt upp úr því að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf. Uppbygging þjónustu í

frítímanum er ein af kröfum nútímans. Þar á að vera vettvangur tómstunda, menntunar, menningar og uppeldis undir handleiðslu hæfra starfsmanna. Frá Miðbergi er stutt í náttúruperluna Elliðaárdalinn og Breiðholtslaugin er hinum megin við götuna.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Miðbergs
http://midberg.is/midberg/um-midberg/

Frístund fyrir 1. – 4. bekk

Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6 – 9 ára barna lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Frístundaheimilin leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í hverju frístundaheimili fyrir sig í samvinnu við foreldra, skóla og aðra fagaðila er tengjast börnunum.

Frístundaheimilin fyrir 1. – 4. bekk eru opin kl. 13:40 – 17:00. Á starfsdögum skóla, nemenda- og foreldraviðtalsdögum og í jóla- og páskaleyfi er opið allan daginn frá kl. 8:00 - 17:00 að undangenginni skráningu. Greitt er sérstaklega fyrir lengda viðveru á þessu dögum, sbr. gjaldskrá. Frístundin er lokuð í vetrarleyfum skólanna.

Í Hólabrekkuskóla er frístundin tvískipt eftir aldri, 1. og 2. bekkur í Hólabrekkuskóla en 3. og 4. bekkur í safnfrístund með Fellaskóla í Hraunbergi.
www.reykjavik.is/fristundaheimili

Frístundaheimilið Álfheimar fyrir 1. og 2. bekk

Staðsetning: Hólabrekkuskóli, Suðurhólar 10, 111 Reykjavík,
Sími: 411 7553 / 664 4304
Netfang, www.midberg.is/alfheimar
Forstöðumaður: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, netfang:
berglind.osk.gudmundsdottir@reykjavik.is

Frístundaheimilið Hraunheimar fyrir 3. og 4. bekk

Börnin eru sótt af starfsmönnum Hraunheima í Hólabrekkuskóla kl. 13:40.
Staðsetning: Hraunberg 12, 111 Reykjavík,
Sími: 571 4333 / 664 4522
Netfang: hraunheimar@rvkfri.is
Forstöðumaður: Jónína Kristín Þorvaldsdóttir:
jonina.kristin.thordaldsdottir@reykjavik.is

Aðstoðarforstöðumaður: Patrekur Litríkur Leó Róbertsson netfang:
patrekur.leo.robertsson@reykjavik.is

Félagsmiðstöðin 111

Markmið félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu er að bjóða upp á fjölbreytt, skapandi og skemmtilegt starf fyrir börn og unglinga í hverfinu. Í því felst að skapa jákvætt andrúmsloft og umhverfi í frístundastarfi þar sem hægt er að þjálfa lykilfærni hjá börnum og unglingum með áherslu á samskipta- og félagsfærni, virkni og þátttöku ásamt styrkingu sjálfsmyndar. Lagt er upp með að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni í hverjum mánuði sem höfðar til ólíkra barna og unglinga með mismunandi áhugasvið og tryggja þeim öruggt umhverfi sem þeim líður vel í. Að auki er mikil áhersla lögð á fræðslu gegn fordómum og forvarnir gegn vímuefnum. Unnið er eftir barna og unglingalýðræði og er það í höndum barnanna/unglinganna að skipuleggja dagskrána.
Félagsmiðstöðin þjónar tveimur skólum, Hólabrekkuskóla og Fellaskóla. Opið er fyrir unglinga í 8. - 10. bekk mánudags, þriðjudags, miðvikudags og föstudagskvöld frá kl. 19.30 – 22.00 nema á föstudögum er opið til 23.00. Einnig er opið á dagvöktum frá 14:00 - 17.00 á mánudögum og miðvikudögum.
Tíu12 ára starfið er tvisvar í viku. Á þriðjudögum er opið fyrir 5. og 6. bekk frá kl. 14:30-16:30. Á fimmtudögum er opið fyrir 7. bekk á sama tíma, 14:30-16:30. Einnig er opið fyrir 5., 6. og 7. bekk á föstudögum í vetur kl. 17:00-18:30.

Mikil samvinna er á milli starfsmann félagsmiðstöðvarinnar og félagsstarfskennara og starfs- og námsráðgjafa Hólabrekkuskóla. Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar, koma með innlegg í lífsleiknikennslu í 7. bekk og kenna stundum val í unglingadeild.

Staðsetning: Félagsmiðstöðin Hundraðogellefu, Gerðuberg 1, 111 Reykjavík,
Sími: 411 5761 / 695 5035

Forstöðumaður: Hlynur Einarsson, netfang: hlynur.einarsson@reykjavik.is
Aðstoðarforstöðumaður: Viktoría Ásgeirsdóttir, netfang: viktoria.asgeirsdottir@reykjavik.is

Frístundakortið

„Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi.“

Frístundakortið er styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6 – 18 ára börn með lögheimili í Reykjavík. Frístundakortið veitir styrk að upphæð 50 þúsund krónur á ári sem hægt er að ráðstafa til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum, það nýtist því líka sem niðurgreiðsla á gjaldi frístundaheimila. Styrkurinn hækkar upp í 75.000 kr. um áramótin 2022/2023.Sjá, https://reykjavik.is/thjonusta/fristundakortid

15. Ýmsar áætlanir og reglur

15.1 Útgefið efni skóla- og frístundasvið

Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs má finna ýmsar upplýsingar um skólastarf í Reykjavík, sjá hér og einnig má finna útgefið efni skóla- og frístundasviðs.

Vinsamlegt samfélag er verkefni sem varð til við sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í eitt svið; skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Með vinsamlegu samfélagi er átt við samfélag þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð.

15.2 Heildaráætlun skólans

Heildaráætlun Hólabrekkuskóla endurspeglar skólastefnu skólans og byggir á grunnþáttum menntastefnunnar *Látum draumana rætast* og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í Hólabrekkuskóla er litið á *Heildaráætlun um stuðning við fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir* sem heildaráætlun fyrir alla

nemendur skólans. Í allri vinnu innan skólans er ávallt haft að leiðarljósi að koma til móts við alla nemendur í skóla án aðgreiningar.

Í Hólabrekkuskóla er stuðst við árangursríkar aðferðir og leiðir heilt yfir skólann þar sem horft er til gagnreyndra aðferða sem skila árangri í fjölbreyttum nemendahópi. Áhersla er lögð á kennsluaðferðir sem henta öllum nemendum hvort heldur sem er inni í bekk eða í stoðþjónustu, með það að markmiði að efla sjálfstraust og öryggi nemenda og um leið að auka vellíðan þeirra og áhuga. Ávallt er hugað að námsgögnum og námsumhverfi nemenda með það að leiðarljósi að koma sem best til móts við þarfir hvers og eins. Sjá Heildaráætlun skólans hér

15.3 Samskipti foreldra

Góð samskipti eru mikilvæg Þegar litið er til niðurstaðna rannsókna á áhrifum foreldra á nám og líðan barna þeirra í skólanum kemur í ljós að enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur og líðan nemenda og foreldrar þeirra. Hólabrekkuskóli leggur áherslu á að eiga gott og farsælt samstarf við foreldra og hefur unnið markvisst að því að fá foreldra meira inn í starfið m.a. með Tíu dropum og verkefninu Opin skóli.

15.4 Læsisstefna Hólabrekkuskóla – Lestur til árangurs

Í Hólabrekkuskóla er áhersla lögð á lestraraðferðir sem skila árangri, markvissa málörvun og sjónrænt- og hvetjandi námsumhverfi. Hólabrekkuskóli mótaði í samvinnu við leik- og grunnskóla í Breiðholti; Læsisstefnu Breiðholts. Þar er grunnur lagður að lærdómssamfélagi um mál og læsi í margbreytilegu skólastarfi með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Forsendur lestrarstefnunnar eru að allir nemendur geti lært og sýni framfarir. Í Hólabrekkuskóla eru PALS lestrarkennsluaðferðir notaðar markvisst, ásamt Starra orðaforðakennsluaðferðinni. Sjá nánar í lið 2.7 að ofan.

15.5 Vinaliðaverkefnið

Vinaliðaverkefnið er forvarnarverkefni sem hefur það að markmiði að styrkja nemendur í að stuðla að góðu og traustu umhverfi í frímínútum í skólanum í gegnum skipulagða leiki. Einnig er markmið verkefnisins að hvetja til aukinnar hreyfingar nemenda, jákvæðra samskipta og að allir nemendur skólans hlakki til að mæta alla daga í skólann sinn. Vinaliðaverkefnið er forvarnarverkefni sem getur stutt vel við áætlanir gegn einelti í skólanum.

15.6 Skólatengsla verkefnið

Skólatengslaverkefnið er upphaflega samvinnuverkefni Hólabrekkuskóla, Háskóla Íslands og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts en þaðan koma fjölmargir sérfræðingar að verkefninu.

Tengsl nemenda og kennara eru forsenda námsárangurs og grundvöllur að styðjandi og jákvæðum skólabrag. Skólatengslaverkefnið var þróað af lausnateymi Burrillville High School í Bandaríkjunum sem heildstæð skimun fyrir félags- og tilfinningavanda nemenda.
Rannsóknir sýna að nemendur með góð tengsl hafi forskot á ýmsum sviðum. Þeir eru meðal annars:

- Líklegri til að mæta reglulega í skólann, ná meiri námsárangri og ljúka námi.
- Líklegri til að sýna æskilega hegðun og ólíklegri til að neyta tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.
- Ólíklegri til að sýna ofbeldishegðun og/eða áhættuhegðun.
- Ólíklegri til að glíma við tilfinningavanda.

Skólatengsla skimunin veitir upplýsingar um skólabrag. Kennarar geta lagt könnunina fyrir nemendur, þar sem nemendur svara til um tengsl við samnemendur og starfsfólk. Markmiðið er að finna nemendur með lítil/engin tengsl og bregðast strax við.

Megin áhersla er á forvarnir og inngrip.

Einstaklingsinngrip: Aðlögun námsefnis og námsumhverfis, sérfræðiaðstoð, viðtöl, samvinna við frístund, íþróttafélög og tómstundastarf, sjálfstyrkingarnámskeið o.fl.

Hópainngrip: Stelpunámskeið/strákanámskeið/félagsfærninámskeið og *Gefðu 10*.

Forvarnir: Fræðsla og núvitundarnámskeið, starfsfólk mæti tímanlega á kennslusvæði, sýni áhuga og hafi trú á öllum nemendum, tali markvisst við nemendur (rödd/viðmót), vikulegir bekkjarfundir og áhersla á að heilsa og kveðja.

Forvarnir eru aðaláhersla Skólatengslaverkefnisins, allir vinna með þætti sem stuðla að góðum skólatengslum:



15.7 Uppeldi til ábyrgðar


Uppbyggingarstefnan; Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ tekur til alls skólasamfélagsins með það yfirmarkmið að öllum líði vel í skólanum. Lögð er áhersla á að kenna sjálfsaga, sjálfsstjórn, uppbyggileg samskipti og góða félagsfærni. Uppbygging miðar að því að finna leiðir til lausna á ágreiningsmálum, skoða hvernig manneskjur við viljum vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Ef vel tekst til skapast aðstæður fyrir einstaklinginn til að leiðrétta og bæta fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur inn á rétta braut með aukið sjálfstraust og félagsfærni.

Yfirmarkmið UTÁ skólaárið 2025 - 2026

- Menntastefna Reykjavíkurborgar
  Að allir nemendur öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Nemendur öðlist trú á eigin getu og læri að þekkja styrkleika sína og vinna með þá.
- Uppeldi til ábyrgðar
  Að allir nemendur taki þátt í að vinna með jákvæð gildi og gera bekkjarsáttmála, læri að þekkja hlutverkin sín og okkar hér í skólanum og læri að þekkja og vinna með þarfirnar sínar og sína styrkleika. Nemendur setja sér markmið og vinni að þeim, læri að þekkja og stjórna tilfinningum sínum og læri viðeigandi sáttalausnir.
- Vinsamleg samskipti
  Að koma á góðum bekkjaranda þar sem virðing, traust og samkennd eru ráðandi þættir í samskiptum. Góður bekkjarandi hefur áhrif á árganginn í heild og árgangarnir hafa áhrif á sjálfan skólabraginn.
- Kurteist orðbragð

Að koma á jákvæðu orðbragði sem veitir nemendum öryggi og vellíðan. Við vinnum jafnt og þétt með jákvæð orð og setningar og minnum nemendur reglulega á orðbragðið.

Lífsleikni er kennd einu sinni í viku (40 mínútur) og eru verkefnin hér að neðan tengd bæði inn í samfélagsgreinar, íslensku og aðrar námsgreinar.





15.8 Eineltisáætlun

Einelti er ekki liðið í Hólabrekkuskóla. Með því að styrkja samvinnu bæði meðal nemenda og starfsfólks, þá minnka líkur á einelti. Markmið skólans er að allir, bæði starfsfólk og nemendur, séu meðvitaðir um hvað einelti er og hvernig það birtist. Unnið verður samkvæmt fyrirfram ákveðnu vinnuferli í eineltismálum. Sjá stefnu skólans hér. Hér má finna stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur í eineltismálum auk ítarefnis, sjá hér.

15.9 Starfsþróunaráætlun

Frumkvæði starfsmanna, metnaður og starfsþróun er lykill að árangri. Í skólanum er stefnt að því að starfsmenn eigi kost á starfsþróun innan sem utan stofnunar þar sem markmiðið er að auka þekkingu og faglega hæfni sem

nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og annarri þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Framkvæmd starfsþróunar sjá kafla 3.7 og 3.8

15.10 Tungumálastefna

Tungumálastefna Hólabrekkuskóla Í Hólabrekkuskóla eru margir sem tala mörg tungumál en fjölbreytt tungumálaþekking er auðlind, mikilvæg fyrir einstaklinginn og samfélagið til framtíðar í minnkandi heimi. Skólinn leggur áherslu á að unnið sé með tungumálin á fjölbreyttan hátt og lögð áhersla á jákvætt viðhorf til tungumála og þeirra nemenda, skólastarfsmanna og foreldra sem tala mismunandi tungumál. Þá aukast líkurnar á því að allir þrói með sér aukna vitund um fjölbreytt tungumál og öðlist hæfni í samskiptum. Sjá stefnuna í heild sinni hér.

15.11 Viðbragðsáætlun við rýmingu

Starfsmenn rýma skólann og fara með nemendur eftir fyrirfram ákveðinni áætlun (sjá áætlun A og B) út á söfnunarsvæðið við SV-hluta lóðarinnar, malbikuðu fótboltavellirnir. Hver árgangur fer á merkt svæði og nemendur raða sér upp í einfaldar raðir eftir bekkjum og stafrófsröð. Sjá áætlun í heild sinni hér. Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is

15.12 Viðbragðsáætlun Almannavarna

Viðbragðsáætlanir Almannavarna gegn ýmiss konar vá eins og t.d. jarðskjálfum, eldsumbrotum og inflúensu má finna á heimasíðu Almannavarna, sjá hér.

15.13 Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi

Reglurnar gilda um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.
Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi, sjá hér.

15.14 Tilfærsluáætlun

Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla er gert ráð fyrir að kennarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemendum og foreldrum/forsjáraðilum þeirra taki þátt í tilfærsluáætlun er miðla að upplýsingum um skólagöngu nemenda, núverandi aðstæður, stöðu og áform þeirra um frekara nám á milli skólastiga. Tryggt er að nemendur með sérþarfir fái aðstoð í skólanum við val á framhaldsskóla og kynningar á þeim tækifærum sem standa til boða í framhaldsnámi.

15.15 Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa

Reglur þessar taka til endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn 18 ára og yngri verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar, sjá hér.

15.16 Þróunarverkefni

Öll þróunarverkefni skólans tengjast menntastefnunni *Látum draumana rætast* þar sem unnið er með alla þætti hennar. Haustið 2024 hófst þriggja ára þróunarverkefni um innleiðingu teymiskennslu í skólanum. Þar er áhersla á samstarf allra innan skólasamfélagsins til að bæta skólastarfið.
Veturinn 2025 – 2026 er unnið að stóru þróunarverkefni sem fellst í því að stíga fyrstu skrefin á innleiðingu á Starra sem er markviss kennsla orðaforða með aðferðum Pals. Skólaárið 2026 - 2027 stýrir Hólabrekkuskóli innleiðingu á Starra í alla skóla í Breiðholti og í Rimaskóla. Einnig er starfsþróun vetrarins námskeið í leiðsagnarnámi fyrir alla kennara skólans undir stjórn Eddu G. Kjartansdóttur.

Sjá frekari upplýsingar um verkefnin í kafla 7.2

15.17 Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur verið falið af sveitarfélögunum á svæðinu að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar ef á þarf að halda, eftir atvikum í samráði við lögreglu og fræðsluyfirvöld. Sjá upplýsingar frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, sjá hér.

15.18 Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál

Móttökuáætlun er fyrir nemendur sem eru nýfluttir til landsins og eru með annað móðurmál en íslensku. Móttökuáætlun Hólabrekkuskóla tilgreinir ítarlega hvað fer fram við innritun nemanda, nauðsynlegan undirbúning foreldra/skólans fyrir komu nemandans og fyrstu skrefin. Einnig fylgir henni

gátlisti sem er notaður við undirbúning móttökuviðtals. *„Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.“* (Sbr. 16. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008).

Sjá móttökuáætlun skólans hér og Stikum af stað kynningarviðtal hér.

15.19 Fjölmenningarstefna skóla- og frístundasviðs

Sjá hér stefnu Reykjavíkurborgar sem unnið er eftir Heimurinn er hér – Stefna skóla- og frístundasviðs.

15.20 Sjálfsmatsáætlun

Sjá Lokaskýrslu innra mats og umbótastarfs skólaárið 2025 - 2026 er að finna hér og Aðgerða og umbótaáætlun 2026 - 2027 er að finna hér.

15.21 Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlunin nær til kynjajafnréttis meðal starfsfólks og nemenda Hólabrekkuskóla. Hún byggist á ákvæði í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 10/2008. Markmið áætlunarinnar er að gæta jafnréttis allra í skólastarfinu. Sjá áætlun í heild sinni hér.

15.22 Heilbrigðis – og forvarnarstefna Hólabrekkuskóla

Einn grundvallarþáttur menntastefnunnar *Látum draumana rætast* er heilbrigði. Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi. Einn veigamesti þáttur í heilbrigðis- og forvarnarvinnu skólans er samvinnan við heimilin. Sjá stefnuna í heild sinni hér og forvarnaráætlun fyrir nemendur og kennara hér
https://sites.google.com/gskolar.is/forvarnaraetlunholabrekkuskola

15.23 Áfallaáætlun

Tilkynningar um áföll berast til skólastjóra, Lovísu Guðrúnar Ólafsdóttur, sími 411 7550 / 664 8236, netfang: lovisa.gudrun.olafsdottir@reykjavik.is

Í skólanum er starfandi viðbragðsteymi við áföllum. Hlutverk þess er að gera vinnuáætlun svo bregðast megi við á skjótan og öruggan hátt þegar áföll verða, svo sem bráð veikindi, alvarlegt slys, dauðsfall eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Lykilatriði er að verklag sé skýrt og vinnuáætlun fastmótuð. Viðbragðsteymi skal sjá um að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Sjá áætlun í heild sinni hér.

15.24 Öryggisáætlun

Hólabrekkuskóli leggur áherslu á að tryggja velferð, öryggi og persónuvernd allra þeirra sem koma í skólann. Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. veikindafaraldurs, elds, mengunar, óveðurs eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun almannavarna. Sjá Öryggisáætlun skólans hér.

15.25 Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum

Handbókin er unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009. Í reglugerðinni segir að sveitarstjórn skuli útbúa handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í grunnskólum, sjá hér.

15.26 Inni áætlun nemenda vegna veðurs

Ef veður er þannig, að mati skólastjórnenda, að ástæða sé til að leyfa nemendum að vera inni í frímínútum þá gildir eftirfarandi:

Þegar upp koma þær aðstæður að ekki er ráðlegt að senda nemendur út í frímínútur er ákvörðun um inniveru tekin af skólastjórnanda. Ákvörðun um inniveru er tilkynnt símleiðis af skrifstofu skólans í alla viðkomandi árganga, á bókasafn og til umsjónarmanns húseignar sem kemur boðunum áfram til skólaliða. Öllu starfsfólki er auk þess sendur tölvupóstur þar sem tilkynnt er um inniveru nemenda.

Starfsfólk sem á að gegna útigæslu í umræddum frímínútum sinnir þá innigæslu í staðinn. Áður en frímínútur hefjast er æskilegt að kennarar reyni eftir föngum að finna nemendum viðfangsefni sem hafa ofan af fyrir þeim meðan á inniveru stendur. Er þess vænst að nemendur haldi sig í bekkjarstofu.

Nemendur í 8. – 10 bekk mega vera inni í öllum frímínútum

15.27 Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar

Í framtíðarsýn Mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar er m.a. lögð áhersla á að starfsemi borgarinnar einkennist af fagmennsku, framsækni og nýtingu tækniþróunar. Reykjavíkurborg vill skapa traust og að heilsa og vellíðan starfsfólks sé í fyrirrúmi og skapað sé öruggt umhverfi þar sem gagnkvæm virðing er í öllum samskiptum. Vellíðan í starfi skilar sér í aukinni ánægju. Með snjallri borg er átt við að Reykjavíkurborg sé framsækinn vinnustaður sem hvetur til þverfaglegrar starfsþróunar. Með því að horfa til framtíðar vinnum við í sameiningu að því að takast á við áskoranir, nýta okkur nýja tækni og grípa tækifæri þegar þau gefast. Þannig verður Reykjavíkurborg mannvænn, samræmdur, traustur og snjall vinnustaður sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu, sveigjanleika og samheldni https://reykjavik.is/mannaudsstefna

15.28 Mannauðsstefna skólans

Mannauðurinn er hverjum skóla dýrmæt eign og árangur skólastarfsins er undir faglegu, reyndu og hæfileikaríku starfsfólki kominn. Allir skólastarfsmenn gegna mikilvægum hlutverkum og allir eru lykilstarfsmenn. Hólabrekkuskóli leggur ríka áherslu á að laða að sér hæft starfsfólk sem er faglegt, tilbúið að leggja sig fram og sýnir frumkvæði í starfi. Skólastarfsmenn Hólabrekkuskóla starfa eftir grunngildunum virðing, gleði og umhyggja. Þessi gildi eru leiðarljós starfsmanna í samskiptum þeirra á milli, gagnvart nemendum, foreldrum og öllu skólasamfélaginu. Sjá stefnuna í heild sinni í kafla 4.1.



15.29 Velkomin í Hólabrekkuskóla

Að byrja í nýjum skóla er stórt skref og vonum við að upplýsingar í Starfsáætlun gefi greinargóðar upplýsingar um skólastarfið. Hólabrekkuskóli tók til starfa haustið 1974. Í dag eru um það bil 510 nemendur frá 1. - 10. bekk.